Ath. 2. *Þar sem* n *og* g *verða saman, í samsettum orðum eða afleiddum, með þeim hætti, að* n *stendur í niðurlagi hinnar fyrri samstöfu, en* g *í upphafi hinnar síðari, grennist ekki undanfarandi raddarhljóð, heldur hafa menn sagt og ritað* tún-garðr, sín-gjarn, mein-ga *(af* mein*)*, kván-gask; *nema þegar uppruni þess háttar orðs hefur verið úr minni liðinn, svo menn hafa farið með það eins og einfalt, t. a. m.* engi *(nú* einginn*) fyrir* ein-gi *eða* einn-gi — *líka mun hið breiða hljóð haldast, þó orð dragist saman, t. a. m.* nángr *fyrir* náungr *(= náúngi). — Einstöku sinnum finnst breið hljóðsetníng, þar sem hún ætti ekki að vera, fyrir framan* ng, *t. a. m. í* 623 leıŋı[22] *(atv.)* 42_{21} *og* leíŋı[22] 43_{20}; samteıŋıa[23] *(sögn)* 47_8. *Í* þrøynger (ꝛ þrøynger hanū agırnð oc oꝼkaþ annaꝛſ tıl uſpæctar[24]), *Sks.* $136a_{13}$, *má ætla að* øy (= ey) *sje beinlínis haft fyrir* ö; *sb.* þrongva *(impellunt)* $136b_1$, þrengvır *(impellit)* $136a_{28}$.

Ath. 3. nk *verður optast nær að* kk, *t. a. m.* makki *(af stofninum* man *í kvennkynsorðinu* mön; *á d.* **Manke***)*, rakk-r *(á d.* **rank***, þó það sje í annari merkíngu)*, ekkja *(á d.* **Enke***)*, bekk-r *(á d.* **Bænk**,

22) lengi. 23) samtengja. 24) ok þröngvir (?) hánum ágirnd ok ofkapp annars til úspektar.

á þ. ***Bank),*** þekkja *(á þ.* ***denken,*** *á d.* ***tænke),**** *og mörg önnur. En þar sem* nk *finnst óumbreytt, hefur það, eins og* ng, *grannan raddarstaf fyrir framan sig, t. a. m.* krankt, krankr, krönk, hönk, munkr (*ekki* kránkt, kránkr, kraunk, haunk, múnkr); *nema í afdregnum eða samsettum orðum, eins og:* sín-ka = *sjerplægni, (af fornafninu* sín), vínker, *o. s. frv.*

4. *Yfir hin breiðu hljóð setja fornmenn optlega brodd (´), ekki að eins þar sem hann er nú tíðkaður* (á, í, ó, ú, ý), *heldur einnig yfir límínga og lausaklofa. Margar skinnbækur hafa þar á ofan brodd yfir* ı, *hvort sem það er grannt eða breitt, til að greina það frá leggjum annara stafa. — Broddurinn yfir* e = è *er annarar merkingar.*

Ath. 1. Þess ber vel að gæta, að fornmenn hafa sjaldan eða aldrei haft þann ásetníng, að greina sundur breið hljóð og grönn, og því setja þeir ekki brodda yfir öll breið hljóð, heldur að eins öðru hverju, næstum ósjálfrátt, af nokkurskonar óljósri tilfinningu. Af því þessir broddar eða drættir eru einskonar áherzlumerki, ber líka við á stundum, í hinum ónákvæmari skinnbókum, að þeir eru settir

---

*) *Orðin* þeinkja, þeinkíng (*t. a. m. í* þeinkíngarháttur), þánki, *eru ekki forn, og munu vera tekin úr dönsku.*

yfir einfaldan samhljóðanda, til að sýna, að hann eigi að vera harður eða tvöfaldur í framburðinum, annaðhvort einir saman eða til aðstoðar og uppfyllíngar við annað tvöföldunarmerki. Á líkan hátt hafa sumir ritarar sett brodd hjer og hvar yfir önnur orð, sem þeir hafa numið staðar við og hert á í huga sínum, af því þau hafa verið fágæt, torskilin, í einhverju áburðarmeiri, enn orðin í kríngum þau, eða eitthvað þvíumlíkt. Þessa kyns eru þeir broddar, sem stundum eru settir yfir aðra tölustafi, enn I; *en broddurinn yfir* I *(t. a. m.* xiíj) *getur verið líkrar tegundar og annarstaðar yfir* ı. — *Hjer á ofan eru broddar eða skádrættir hafðir meðfram: til að sýna, að orði sje ekki lokið í línu-enða; til að fylla upp í, þar sem lína þykir of stutt; til að sýna skammstöfun* [*t. a. m.* atı ðacı⁊ meılanſ b́. bvſcop naþſvnıa foꝛ t mıcla ǵ. 677 *á* 50₁₋₂ (*þ. e.* átti Dacius Meilansborgar byskup nauðsynja-för til Miklagarðs), fvr h ðtıN gt eſ ħ ſa boꝛǵ. ⁊ ḿ. 677 *á* 40₉ (*þ. e.* fyr hví drottinn grèt, es hann sá borgina, ok mælti), *sömuleiðis* ḿ. (= mælti *eða* mælir) 677 *á* 37₂₄, ſá. (= sagði) 677 *á* 41₄, ſv́. (= svaraði *eða* svarar) 677 *á* 49₈, ſvoŕ. (= svöruðu) 677 *á* 76₃₉, ruma bó. (= Rúmaborg) 677 *á* 58₃₁, bv́. (= byskups) 677 *á* 37₉, bvſć. (=

byskup) 677 *á* 49$_{10}$, ste'. (= steinninn) 677 *á* 80$_{18}$]; *til að vísa um orðum; o. s. frv.*

Ath. 2. *Margar skinnbækur — t. a. m. Fríssbók og Resensbók (med sögu Guðmundar byskups) — eru að sönnu ónákvæmar í setníngu broddanna, en sumar — t. a. m.* 677 *— eru aptur svo nákvæmlega ritaðar, að þar af má vel skynja, hvar hljóð hafa verið grönn eða breið.*

5. *Þrjú hljóð:* a, u, i, *eru upphaflegust allra hljóða í vorri túngu (eins og í öðrum gotneskum málum), svo að hin leiðast öll af þeim með einhverju móti. Jafnvel hin einföldu hljóð* e *og* o *eru hvergi upphafleg: er* o *víðast sprottið af* u, *og* e *margsinnis af* i. á *er að upphafi* = aa, ú = uu, í = ii.

Ath. Yfir e *fyrir* i, *í hinum fornu orðum, sem ekki eru skrifuð eptir skinnbókum, eru — að dæmi Jakobs Grimms — settir tveir deplar* (ë) *á sumum stöðum í riti þessu, fyrir fróðleiks sakir, til að greina það frá því* e, *sem komið er af* a *eða* o.

6. *Við þá raddarstafi, er híngað til hafa verið taldir, verður enn að bæta fimm klofníngum:* ja, jö, já, jú, jó, *fyrir þa sök, að í breytíngum orðanna er líkt með þá farið, og hver þeirra væri eintómur hljóðstafur, þó þeir sjeu reyndar settir saman af samhljóð-*

anda og hljóðstaf. Verða nú einstakir hljóðstafir með lausaklofum og klofningum alls 24 *að tölu, og eru* 6 *af þeim:* i, í, ë, è, ei, já *ófrjóir, og kvikna ekki önnur hljóð af þeim; en* 10, *eða þó heldur* 9*:* a, (ja), á, au, u, ú, o, ó, jú, jó *eru frjóir (ávaxtarsamir), og geta af sjer:* ö, (jö), e, æ, ey, y, ý, œ — *og mætti kalla það hljóðvarp.*

Ath. Hjer við bætist klofningurinn ju; *hann er mjög sjaldhafður, en finnst þó t. a. m. í* ꝼıugua̅ *(þ. e. fjögra, fjegra) Sks.* 35*a*22,24, 36*a*21, *b*11; ꝼıugrtan *(þ. e. fjórtán)* 36*b*29 *(ef það er ekki* = fjúgrtán)*;* þjukkr, þjukk, þjukkt, (= þykkr, þykk, þykkt), *Sks.* 9*a*14, 35*a*22, 36*b*20, 37*a*9, 79*a*10 (þıucku̅, þıucker, þıuckır, þıucc, þıuccu).

7. *Hljóðvarp hefur tvær tegundir í voru máli. Sú er hin fyrri tegund, að*

a	*verður*	e,
á	—	æ,
au	—	ey,
u	—	y,
o	—	y,
o	—	e,
ú	—	ý,
jú	—	ý,
jó	—	ý,

ó *verður* ý,
ó — œ,

og veldur i *öndverðlega þessu hljóðvarpi, ekki að eins þar sem* i *er óhaggað, heldur og þar sem það breytist í* j, *eða það er úr fellt (sem einkanlega ber opt við fyrir framan* r); *en þar að auki er hljóðvarp stundum haft einúngis til að leiða eitt orð af öðru, eður eina orðmynd af annari, þó* i *fari ekki á eptir. Má hjer um telja nokkur dæmi til skilníngsauka.* a — e: *af* katt- *verður* ketti *og* kettir; *af* tam- *verður* temja, temjum, temr (*fyrir* temir?), tem (*fyrir* temi?), *o. s. frv.; af* mar- (marr *í skáldskap* = hestr) *leiðist* merr (*nú* meri); *af* sat (*þál. tíð af* sitja) *leiðist* seta; *af* ramm*- *verður* remma (*sögn, t. a. m.* ſva ſē ɪɴvɪþ[7] remma allt ſkıpet. ſva remma oc goþ verk hugſkot gott[25] 673 *A á* 60₁₉). á — æ: *af* spán- *verður* spæni *og* spænir; *af* lát- *verður* lætr, læt; *af* hár *verður* hæra. au — ey: aurar, aurum, aura *er í eintölu* eyrir, eyri, eyris; *af* aur-** (*þ. e. sandur, bleyta*) *leiðist* eyrr (*þ. e. eyri*); *af* flaut (*í þál. tíma*) *leiðist* fleyta; *af* daun- *leiðist* deyna (*gefa daun af sjer*); *af* glaum- *leiðist* gleyma (*gjöra glaum*); *af* raust *leiðist* reysta (*hafa*

---

25) svá sem innviðir remma allt skipit, svá remma ok góð verk hugskot gott.

*) remma *sýnir, að* ramm, *sem einkunnar-stofn, er upphaflegra, enn* ram.

**) *Heldur enn af* eyra?

hátt) *og* há-reyst-i; *af* snauð- *leiðist* sneyða (*privare*). u — y: *af* sun- *verður* syni *og* synir; *af* **bund-** (*í* **bundum, bundut, bundu** *í framsöguh.*) *verður* **bynda, byndi, byndir, byndim, byndit** (*í afleiðingarh.*); *af* **stun-** *verður* **stynja, stynjum, stynr, styn**; *af* **full-** *verður* fylla. o — y: *af* þorn *verður* þyrnir, *af* **horn** *verður* hyrna, *af* mold *verður* mylda (*þ. e. ausa moldu, t. a. m.* ok lágu «lıkam þra ó mýllð»[26] 623 *á* 58[6].)*
o — e: hnot *verður* hnetr, stoð *verður* steðr (*þ. e. stöðir*); *af* sof- *verður* sefr *og* sef, *af* troð- *verður* treðr *og* treð. ú — ý: *af* kú- *verður* kýr; *af* lúk- *verður* lýkr, lýk; *af* fúl- *verður* fýla. jú — ý: *af* fljúg- *verður* flýgr, flýg. jó — ý: *af* skjót- *verður* skýtr, skýt; *af* grjót *verður* grýta. ó — ý: *af* ból *verður* býli. ó — œ: *af* fót- *verður* fœti *og* fœtr; *af* sók- *verður* sœki, sœkir, sœkjum, sœkja; *af* bók *verður* bœkr; *af* ból *verður* bœli (*kynl.*) *og* bœla (*sögn*); *af* fóð- *verður* fœða; *af* skróp- *verður* skrœpa (*simulare, ritað* ſcrøpa 673 *A á* 484); *af* hróp *verður* hrœpa (hlegın af énlō ⁊ hręptr af m[27] 623 *á* 621).

---

26) líkamir þeira ómyldir. 27) hleginn (*á lat. derisus*) af englum ok hrœptr (*þ. e. spottaður*) af mönnum.
*) *Stundum litur eins út, og* y *sje hljóðvarp af* a *eða* ö, *t. a. m. í* gyltr (*gylta*) *af* galt-, trylla *af* tröll. *Sb.* fyrva *af nafninu* fjara, *t. a. m.* en er út fyrvir, *þ. e. út fjarar*; gyrða; *o. s. frv.*

Ath. 1. *Hljóðvarpið* a — i *á ekki heima í eldra málinu, heldur hafa fornmenn sagt og ritað t. a. m.* einberni *af* barn (*þó menn segi nú* einbirni; *sb.* eingirni *og* blágirni — *ekki af* görn, *heldur af* garn).

Ath. 2. *Það lítur að sönnu svo út, sem* i *sje hljóðvarp af* ja, *t. a. m. þegar* skildi *eða* skildir *er borið saman við* skjald-, firði *eða* firðir *við* fjarð-; *en hitt er þó reyndar, að* ja *er komið af* i, *og er stofn þessara orða upphaflegri í þiggj. eint. og gjör. fleirt.* (firði, firðir), *enn í öðrum föllum; enda hafa fornmenn á stöku stað* i, *eða jafnvel* ë, *þar sem vjer eigum von á* ja, *og slíkt hið sama hins vegar* ja *fyrir* i *eða* ë: tılꝺat (= tjaldat) 645 *á* 14_{22}; gıllꝺa (= gjalda) *Gþl. Magn. llb.* 43 *í* 60; ıgvþpıl̄ıno 677 *á* 24_{35} (= í guðspjallinu), Matheꝰ gvð ſpılla manz 656 *A1 á* 2_{8}, með tıo laga boðoꝛðv̄ ⁊ ꝼırv̄ gvð ſpıllv̄[28] 656 *A1 á* 10_{21}, ıguð ſpıllıno 656 *A1 á* 25_{5}; — gellꝺa (*f.* gjalda, *solvere*) 60 *á* 83*d*8; *kvennkynsorðið* jata *er skrifað* eta *í beztu skinnbókum;* — *fyrir* ëk (*á gotn.* ik) *finnst* jak (ſæ nu hůt ıak ſcal haꝼa rað þín 655 *Fragm.* xxıx *á* 7_{6}), *jag á sænsku; fyrir* gëfa *finnst* gjafa, *o. s. frv. Sb.* spjalla, spilla, spëlla.

---

28) með tíu laga boðorðum ok firum (*f.* fjórum) guðspillum (= guðspjöllum).

Ath. 3. *Það er ekki eðli vorrar túngu, að* æ *dragist af* a; *þó finnst t. a. m.* athæfi *Sks.* 10b_3, 34b_5, 61a_{29}, 72a_{17}, 126b_{11}. — *Stundum sýnist* œ *vera dregið af* a, *eins og* dœg-r *af* dag-r, dœli *og* dœld *og* dœlir (*t. a. m.* Naumdœlir) *af* dal-r; *en þesskyns orð eru reyndar komin af öðru frumorði með* ó, *t. a. m.* dœg-r *af* dóg-, *sem finnst í gotneska orðinu* fidur-dôg-s.

Sú er ö n n u r *hljóðvarps-tegund, sem er eign og einkenni norrænnar túngu, að* u — *annaðhvort sjálft, eða* v *í stað þess* — *snýr undanfarandi* a *í* ö, *eins og sjá má, ef* tala, talna *er borið saman við* tölu, tölur, tölum; fara, farit, *o. s. frv. við* förum; dagan *við* dögun. *Víða er* u *eða* v *burtu fellt, ellegar einúngis haft í huga, og veldur þó hljóðvarpi, t. a. m.* gölt (*f.* galtu — göltu) *í þol. eint.* *og* göltr (*f.* galtur — göltur) *í gjör. eint.* (*af* galt-), *eins og* göltu *í þol. fleirt. og* göltum *í þiggj. fleirt.;* sök (*f.* saku — söku) *í gjör. og þol. og þiggj. eint., eins og* sökum *í þiggj. fleirt.;* ör (*f.* aru — öru) *í gjör. og þol. eint., eins og* öru *í þiggj. eint.,* örum *í þiggj. fleirt., eða* örva *í eig. fleirt.,* örvar *í eig. eint. og gjör. og þol. fleirt.;* börn (*f.* barnu — börnu), *eins og* börnum; glöð (*f.* glaðu — glöðu) *gjör. eint. í kvennk. og gjör. og þol. fleirt. í hvorugk., eins og* glöðu, glöðum. *Sumstaðar breytist* a *í* ö, *þó* u *hafi aldrei farið þar á eptir, einkum*

í al- *framan í orði, t. a. m.* ölúð, ölfœrr (*f.* alúð, alfœrr; *og má vera í þessum orðum, að breytíngin komi til af því, að* ú *og* f *sjeu skyld* u *og* v), ölteitr (*f.* alteitr)*, höldr, *o. s. frv.*

Ath. 1. *Það er svipað hljóðvarpi, en þó ekki sama, þegar* u *í niðurlagi orðs veldur því, að* a *í næstu samstöfu á undan breytist í* u, *svo* leikarum *verður að* leikurum; launaðum, launaðut, launaðu, *að* launuðum, launuðut, launuðu. *Sömu tegundar er* helguð = helgað (*f.* helgaðu — helguðu), *hlut-tekníngarorð af sögn.* helga, *og* sumur (*f.* sumuru, sumaru), *gjör. og þol. fleirt. af* sumar. *Þessi hljóðbreyting (tillíking?, assimilatio) tíðkast ekki í rótum orða, og ekki eingaungu í viðuraukum rótanna (sem hafðir eru til að leiða af þeim leingri orð), heldur hafa fornbækurnar einnig:* ſamnꜹþoſc (*þ. e.* samnöðusk = samnuðusk = sömnuðusk) 623 *á* 7$_{21}$; meþ ġtꜹnðō ꜹgō[29] 623 *á* 23$_{12}$; ꜹrmǫl heilagra[30] 623 *á* 36*neðst, o. s. frv. Þegar svo stendur á, að tvær næstu samstöfur fyrir framan niður-*

---

29) með grátöndum (*nú á dögum:* grátandi) augum.

30) örmöl (*sb.* héröð = héruð) heilagra.

*) *Hrafnk.-s.* (*Kmh.* 1839) *á* 25$_{5}$, *og á þar að standa, eptir skriflegri lagfæringu doktors Sveinbjarnar Egilssonar:* váru þá ölteitir. Menn undr. *o. s. frv.*; *sbr. skinnblaðið af Hrafnk.-s., á aptari bls. í 26. línu.*

2*

lags-*við hafa hvor sitt* a, *þá verður hljóðvarp í hinni fyrri, sem jafnan er megin-samstafa, en tillíking í hinni síðari, t. a. m.* harparum *verður* hörpurum; talaðum, talaðut, talaðu *verða* töluðum, töluðut, töluðu; kallað (*f.* kallaðu), *hluttekningar-orð af sögn.* kalla, *verður* kölluð.

Ath. 2. ja — jö (fjörðr, fjörð, fjörðu, fjörðum *af* fjarð-) *er sama hljóðvarp og* a — ö, *þar eð* j *breytist ekki.*

8. *Hljóðvörpin úr hinni fyrri tegund eru ekki ætíð við höfð í hinum elztu ritum, heldur finnst t. a. m.* au *f.* ey, u *f.* y, ú *f.* ý, ó *f.* œ *í Ágripi af sögum Noregs konúnga* (*Fms. X,* 377—421), *í Reykholts-máldaga* (fort, *þ. e.* fórt, *f.* fœrt), *í El.* (hulıa *f.* hylja 21 7, hluþa *f.* hlýða 32 12, Oþre *f.* Œðri 12 12, flogre *f.* slœgri 16*neðst,* toke *f.* tœki 25 9, ftoþefc *f.* stœðisk 16 10, forefc *f.* fœrisk 26 8, ðomafc *f.* dœmask 41 16, botto *f.* bœttu 38 10, oübroþelegr 3 9, *auk margs annars*), *í* 677, *í* 673, *og víðar.** — *Þó er hitt hljóðvarpið,* a — ö, *miklu óstöðugra, og er ótal sinnum skrifað* a, *þar sem nú er nefnt* ö, *t. a. m. í Al.:* ftaðuct (= stöðugt) 19 13; úftaðug (= ústöðug) 26 30;

---

*) *Mundi* markeð (*signis*) *í* 1812 (*bls.* 20*b* 5) *vera sömu tegundar* (*f.* merkjum), *eða vera misskrifað fyrir* markum = mörkum (*af* mark)?

markuð (= mörkuð), *hluttekníngarorð af sögn.* marka, 30₂₄; gıarðe (= gjörði) 6₁9 *á* 10₂₇; ſanghus (= sönghús) 6₁9 *á* 96₁₂; *o. s. frv. Þar á ofan gjöra* a *og* ö *þráfaldlega aðalhendíngar í skáldskap, sem í þessum vísuorðum, úr einni saman Kristnisögu:*

Þangbrands ýr stað löngu;
barðs ok laust við jörðu;
kólgu rafn með stöfnum;
röng eru mál á gangi;
bönd ráku val strandar;

og mundi vera rjettara að skrifa og lesa:

Þangbrands ýr stað langu;
barðs ok laust við jarðu;
kólgu rafn með stafnum;
rang eru mál á gangi;
band ráku val strandar.

Ath. 1. *Á líkan hátt er* a *opt látið halda sjer, þar sem það breytist nú í* u: hværſu ſıolf þau varo ſkapað[31] *Sks.* 98*b*12, Nu ſkalu ıamnan þær ſattar væra[32] *Sks.* 101*a*2, ıſlıcū ſtaðū ſkalu ðomar bıta[33] *Sks.* 136*b*7.

---

31) hversu sjólf (ó *f.* á) þau váru skapað (= skapuð, sköpuð). 32) Nú skalu (= skulu) jamnan (m = f) þær sáttar vera. 33) í (*fyrirsetníngarnar* á *og* í *venjulega áfastar við næsta orð á eptir, í góðum skinnbókum*) slíkum staðum (a = ö) skalu (= skulu) dómar bíta.

Ath. 2. *Stundum finnst hljóðvarp yfir það fram, sem rök sýnast til vera og nú er títt, t. a. m.* ón allre ǿhreinſon *El.* 25_{16} (*f.* óhreinſon = úhreinsun), ǿhlyþn (*f.* óhlyþn = úhlýðnir) *El.* 32_{10}; Sǿ* (*videbant*) *El.* 27_{10}, hver faraſc ǿn* ðome[34] *El.* 39_{4}; Joſep talþı þ ſıtt rað at kr ſettı t nockýrn vıtran m ⁊hagſpakan er vþveıttı afgang ıarðar a vaxt[35] 625 *á* 17_{18}, gengv fýr ıoſep ⁊lýto hm[36] 625 *á* 18_{16}, ⁊v þar fagnafýnðr með þeı feðgv̄[37] 625 *á* 19_{13}, kō nabogonoſor babılonıſ. kr. m; h ſın aıoꝛſalalð ⁊ bꝛot..... ſalomonſ mýſtarı þaðan t h fıarlýtı mıkla[38] 625 *á* 28*neðst* — 29_{1}, Alexanð kanaðı alla ſýðꝛ halfo heıſ[39] 625 *á* 35_{5}, Vıð h..... v narſeſ ollðvngr rægðr af rv̄ vıō fýrır ofýnðar ſac[40] 625 *á* 52_{18}, ⁊ foꝛo þa

34) hverir farask án dómi (*nú* án dóms). 35) Jósep talði þat sitt ráð, at konungr setti til nökkyrn (*f.* nökkurn) vitran mann ok hagspakan, er varðveitti afgang jarðar-ávaxtar. 36) gengu fyrir Jósep ok lytu (*f.* lutu) hánum. 37) ok var þar fagnafyndr (*f.* fagnafundr) með þeim feðgum. 38) kom (*f.* kvam) Nabógó(dó)nósor Babylonis konungr með her sinn á Jórsalaland ok brot (= braut)..... Salómons-mystari (= mustari = musteri); þaðan tók hann fjárlyti (*f.* fjárluti, *f.* fjárhluti) mikla. 39) Alexander kannaði alla syðrhálfu (*f.* suðrhálfu) heims. 40) Við hann..... var Narses öldungr rœgðr af Rúmverjum fyrir öfyndar (*f.* öfundar) sakir.

*) sá — só — sœ, án — ón — œn; *nema ef* ǿ *og* ǿ *eru hjer beinlínis* = á, *sb.* 14. §.

til fyndar við. Z.[41] 625 *á* 86*neðst*, Joan..... tiaði þ sē hom syndisc at h þottisc skirn þyrfa at taca af gvðs syni[42] 625 *á* 921; Vm lýg vitni (= Um ljúgvitni) 619 *á* 19*neðst* (*þó* lýgi vitni *á* 202,8), drýgliga *f.* drjúgliga, kvæn *f.* kván. — *Í nokkrum orðum hefur þetta hljóðvarp haldizt allt fram á vora daga, t. a. m.* gætt = gátt, sætt = sátt (*sátt er nú sjaldhafðara*). *Í* ætt *f.* átt, bæn *f.* bón, *o. s. frv., skiptir hljóðvarpið merkingum. (Í* gæs *f.* gás *mun hljóðvarpið hafa komið seint upp.)*

9. *Alla hljóðstafi, að með töldum klofningunum* (6. §), *má greina í þrjá flokka, eptir því, af hverju frumhljóði hver er runninn*:

A- *flokkur:* a, á, au; ö, e, æ, ey;

U- *flokkur:* u, ú, o, ó, jú, jó; y, ý, œ;

I- *flokkur:* i, í, ë, è, ei, ja, já, jö;

og er það sameiginlegt eðli tveggja hinna fyrri flokka, að í þeim verða hljóðvörp; en tveggja hinna síðari, að frumstafir þeirra valda hljóðvörpum.

10. a *hefur verið fornmönnum tíðara, enn oss, sem ráða má af* 3. *og* 8. §.

---

41) ok fóru þá til fyndar (*f.* fundar) við Zacharias.
42) Jóan..... tjáði þat, sem hánum sýndisk, at hann þóttisk skírn þyrfa (*f.* þurfa) at taka af guðs syni.

11. ö *er annars vegar yfirgripsmeira, en annars vegar yfirgripsminna, enn á vorum dögum* (3. *og* 8. §). — *Af því einginn* ö-*stafur var í hinu elzta norrænu-stafrofi, heldur enn í hinu latínska og eingilsaxneska, þá hafa fornmenn skrifað* ö *á ýmsar lundir:*

1) ao (*t. a. m.* haorgſ[43], *Reykh.-máld.;* Maoꝛg[44] *Sks.* 119*a*16; Aollu goðo er ofunð gagnſtaðleg[45] 619 *á* 21 3) *og* ꜵ (Erodıᵒ er fogl harla mıkıl oc ſıgrar ꜵrn[46] 673 *A á* 55 11, oc ſua ſē erodıᵒ ſıgr ꜵrn[47] 673 *A á* 55 18), *sem bendir til, að hljóðið líkist* o, *en sje dregið af* a;

2) au, av, aʋ, aʋu*,
3) o,
4) ǫ, (ǫ, ǫ), ø, ǫ, ơ,

} *af því* ö *er í hljóði sínu svipað* au, o, œ.

Ath. Seint á 14. *öld er stundum ritað* aö *f.* ö, *og sýnir það bæði framburð og uppruna. (Þó man jeg ekki eptir þessum ritshætti, nema í* tvaö, *þ. e.* tvö, *sem þá hefur verið komið í stað hinnar eldri myndar* tvau.)

---

43) hörgs. 44) mörg. 45) Öllu góðu er öfund gagnstaðleg (*þ. e. gagnstæðileg*). 46) Erodius (*á gr.* ἐρωδιός, *hegri*) er fogl (= fugl) harla (*f.* harðla = harðliga) mikill, ok sigrar örn. 47) ok svá sem erodius sigrar örn.

*) Gaʋufgare er oc þa en eftre burðar tıð an en ſyrrı 619 *á* 56 11 (Göfgari er ok þá en eptri burðartíð, an — *sama og* en *e.* enn — en fyrri).

Í sumum bókum er ö *og* œ *þannig sundur greint, að* ö *er skrifað* ǫ, *enn* œ *er skrifað* ɶ. *Opt er líka broddur yfir* 2) *og* 4), *þegar stafirnir merkja* au *og* œ. *Þar sem ritað er* ey *f.* ö, *er ekki víst, hvort* ey *er einúngis skrifað fyrir* ö, *á líkan hátt og* au, *eða sjálft hljóðið hefur breytzt, líkt og þegar* ö *verður* e *(t. a. m.* göra — gera); *sb.* 50. §.

12. au *er annars vegar miklu ótíðara, og á hinn bóginn nokkru tíðara, enn hjá oss* (3. *og* 8. §). *Það er ýmist ritað* au, av, ꜷ, ꜵ, *og í sumum bókum* ou, ov, *og jafnvel* ꜵu *eða* ǫu, *t. a. m.* Saum þarꝼtu oc mykeñ..... hvartvæggıa ræcſoum oc noðſaum[48] *Sks.* 6a16, lovn[49] *Plac.* 25 (512 *á bókf.*). *Í* 619 *stendur:* þou, brouð, douð, douða, nouðulega, bouð, strouk, brout, flout, floug, *f.* þau, brauð, dauð, *o. s. frv.; sömuleiðis* drꜵumi, dꜵuða, ꜵuðıgr, brꜵut, lꜵug, *f.* draumi, *o. s. frv.; þar að auk* dǫufr (þeir hafðu aðr bart hofuð et alt á hanu ⁊ cnocat tıl þeſ er ħ var dǫufr af orðen[50] 120₂₀) *f.* daufr. *Rask ætlar atkvæði þess hafa verið sama og enn tíðkast í Noregi* (öû ?).

---

48) Saum þarftu og mykinn (= mikinn)..... hvárttveggja reksaum ok noðsaum (*f.* hnoðsaum). 49) laun. 50) þeir hafðu (a = ö) áðr bart (= barit) höfuðit allt á hánu(m) ok knokat (*knuge á dönsku;* knoka: *knuge* = sloka: *sluge*), til þess er hann var daufr (*áþ. taub, á d. døv; sb.* heyrnardaufur) af orðinu.

Ath. Fornmenn hafa sagt (og ritað) tvau, sjau *(eins og* þau), *sem hjer:*

svá gat Halla setið um þau
segg ok Kötlu bæði tvau.

Sb. niðurlag 1. ath. við 15. §.

13. ey *er jafnaðarlega ritað* œy (øy) *í norrænum bókum, og er því líklegt, að Noregsmenn hafi talað svo, þ. e. sagt* öý; *en ekki tjáir að heimfæra það upp á framburð Íslendínga,* þar eð þeir hafa venjulegast skrifað* ey, *sem bendir til, að þeir hafi nefnt* eý; *og er það atkvæði nokkuð svipað* ei (*þ. e.* eí), *enn þó ekki sama. Fyrir* ey *er í elztu bókum stundum ritað* ay, *víða hvar saman dregið, en þó sumstaðar sundurlaust, t. a. m.* aýra (= eyra, *auris*) *El.* 59₈; *sömuleiðis* ꜵy 325 (2) *á* 22. *dálki í* 10. *línu* (holꜵýō = Háleygjum) *og* æu 619 *á* 16₃ (æuru ſiu, *aures suas*).

14. á *er stundum ritað* ǫ, ȣ, ǫ, ǫ, ø, ꜵ, ꜷ, ao: uǫro (= váru, *erant*) 623 *á* 38₇, 40₁₈, ſacmǫl[51] 677 *á* 133₁, I helgō rıtnıqō er ſvrſt varþveıtanðı hǫtr ſaþr

51) sakmál (*litem*).

*) *Nema, ef til vill, mjög snemma, sem ráða mætti af* meoýıar (*virginis*) 1812 *bls.* 19*a*₃₀ (*en þó* meýıar *t. a. m. bls.* 19*a*₃₅), dreoýmþı 1812 *bls.* 2*b*₂₆ (*sjá* 4. *eptirstúngu í Ísll.-ss.* 1843), eóýþe mꜵrk (*þol. eint.*) 1812 *bls* 2*b*₁₄, éoýſtra (*orientalem*) 1812 *bls.*20*a*₁₁₋₁₂.

fogo[52] 677 *á* 22_{14}, þa var ſē þ eın fvlðıſc af crǫſō ſınō en veıtı ñ valoþō[53] 677 *á* 22_{34}, hunð͛ cōo ⁊ ſlecþo ſǫꝛ lazarı[54] 677 *á* 22_{34}, þ er ſǭ geſıt[55] 677 *á* 22_{36}, Svelga mō ħ ǫ́. ⁊ unð͛ſk ħ þ n̄. ⁊ tróſtıſc ħ at ıoꝛðon mónı fala ımuɴ ħō. ht mc ǫ́. nēa ſlıotanðı rǫ́ſ mcvnſ[56] 677 *á* 13_{10-11}, ſǫ́ꝛ (*volnera*) 677 *á* 22_{27}, þa þvǫ́ v føtr ðtıɴſ ıtarō[57] 677 *á* 46_{20}, en ðtıɴ vaɴ m⁊ þeī ⁊ ſtvrcþı mǫl þa at fvlgıonðō tocnō[58] 677 *á* 14_{27}, Jn foꝛnı ſıanð ſvalg ǫ́[59] 677 *á* 13_{13}, ſǫ́ (*videbant*) 677 *á* 14_{21}, ǫ́n enða 677 *á* 22_{3}, ſǫ́ꝛ (*volnera*) 677 *á* 22_{8}, at ǫ breıþre *Plac.* 20 (4_{17} *á bókf.*); møto[60] 677 *á* 30_{30}; bꝥþo (= báðu, *petebant*) 677 *á* $60_{23,24}$; ꝍ (*amnem, amni*) *Plac.* 21 *tvisvar* ($4_{18,22}$ *á bókf.*), ꝍrr *Plac.* 54 (10_{2} *á bókf.*), naglarner ıarteıner ꝍ́ſt vıþ guþ[61] 673 *A á* 59_{6}, ⁊ felðo tꝍ́r fvr fagnaþı[62]

---

52) Í helgum ritningum er fyrst varðveitandi háttr saðrar (ðr = nnr) sögu. 53) þá var sem þeir einir fylldisk af krásum sínum, en veitti non váluðum (*e.* válöðum; *þ. e. voluðum*). 54) hundar komu ok sleikðu (ð = t) sár Lazari. 55) þat er fám gefit. 56) Svelga (= Svelgja) mun hann á, ok undrask hann þat non, ok tröstisk (ö = ey) hann, at Jórdón (ó = á) möni (ö = u) falla í munn hánum. Hvat merkir á, nema fljótandi rás mannkyns? 57) þá þvám (*þ. e. þvoum*) vèr fœtr dróttins í tárum. 58) en dróttinn vann með þeim, ok styrkði (ð = t) mál þeira (*e.* þeirra), at fylgjöndum (= fylgjandum, fylgjundum) tóknum (ó = á). 59) Inn (= Hinn) forni fjandi svalg á. 60) máttu (*þ. e. gátu*). 61) naglarnir jarteinir (*f.* jarteina) ást við guð. 62) ok felldu tár fyr (*á lat.* *prae*; *þ. e. af*) fagnaði.

677 *á* 49*neðst;* vm̄ vaon[63] 619 *á* 3_{12} *og* Vaon *í* 44. *línu* (*en* ván *í* 18.), Aoſt 619 *á* $43_{13,14}$, Aoꝛr *Plac.* 25 (5_{11} *á bókf.*), haór *Plac.* 38 (7_{17} *á bókf.*). *Það hefur að nokkru leyti verið haft sjaldnar, enn í voru tali* (3. §), *og á hinn bóginn verið tíðkað, þar sem nú er haft* o, *fyrir aptan* v *í nokkrum orðum, og svo í* hánum. *Helztu orðin, sem hafa* á, *þar sem nú er* o, *eru þessi, og þau sem af þeim eru dregin með samsetníngu:* vá (*skálda-orð; sjá t. a. m. Fms. I,* 40); vágr (*vogur, vilsa, vík*); vás (*vosbúð*); vátr, vát, vátt (*votur, vot, vott*); vár (*vor-ið*); várr, vár, várt (*vor, vort*); várkunn (*vorkun*); vál (*vol*); válað (*volæði*), válaðr, váluð, válat (*volaður, voluð, volað*); válk (*volk; þó vísar* velkja *svo til, að* valk *sje þar eldra*); ván (*von*); vándr, vánd, vánt (*vondur, vond, vont*); vámr (*vomur*); váttr (*vottur*); váð (*voð*); váði (*voði*); vápn (*vopn*); hvárr, hvár, hvárt (*hvor, hvort — þegar talað er um tvennt*); hváll (*hvoll, hóll*); hválpr (*hvolpur; — af því* va *breytist ekki í* vo, *og* æ *leiðist ekki af* a, *heldur af* á, *má það ráða af* hvolpur *og* hvæplíngur, *að menn hafi sagt* hválpr *í fornöld; en* hvelpr *bendir þó til, að* hvalpr *sje enn eldra — sb. Hvalp á d.*); hválf (*hvolf; þó* hvelfa); kváptr (*kvoptur*); kván (*kvon, þ. e. kona*); kvás (*kvos*); svá (*svo*); tvá (*tvo*); þvá (*þvo*),

63) Um ván (*þ. e. von*).

þváttr (*þvottur*); vá, vátt, vág-um,-ut,-u (*vo, vost, o. s. frv.*); *þar af dregið* vág (*vog*); várum, várut, váru (*vorum, voruð, voru*); kvámum, kvámut, kvámu (*komum, komuð, komu*), kváma (*koma*); — hánum (*honum*).

15. *Þetta verður sýnt og sannað á marga vega: af sjálfum ritshætti skinnbókanna; af hendingum fornkvæðanna; af hinum afleiddu orðum og orðmyndum; og af öðrum málum.*

Það er þá fyrst, að þar sem a *og* á *er greint sundur í skinnbókunum á annað borð, þá er* a-*stafurinn í þessum orðum ritaður á sama hátt og önnur* á; *t. a. m. í Trójumannasögu (í Hauksbók) er skrifað* vág *(recessum maris), og* vár *(noster), eins og* á *(amnis),* á *(fyrirsetn.),* hár *(pilum),* lá *(jacebat),* ráðvgr, ſár *(volnus),* ſpám *(vaticiniis),* vkát. — *Skinnbókin* 302 *hefur á einum stað* (*á bls.* 75_{16} baarn, παῖδα) aa *f.* a, *en f.* á *alstaðar ella, t. a. m.* aar (*annum, á bls.* 8. *neðst*), aat (*f.* átt, *af eiga,* 8_{16} *og* 141_{15}), baat (*cymbam,* 25_{8}), draaps (*eig. af* dráp, 164_{5}), haar (*pilos,* 124_{15}), haat (*f.* hátt, *alta voce,* 109_{11}), laan (124_{22}, 125_{1}), lıma laat (174_{2}), maal ($173_{8,11}$), maall (= maal, 173_{13}), maat (= mætti, *sem þiggj. af* máttr, 21 *neðst*), raað (*consilium,* 27_{12}, 41_{2}, 48_{9}), raan (119_{11} *og*

152_{14}),raans m̄ (36_{23}), saald (159_{18}), ſkıps vtſaat (30_{14});* *enn fremur:* áátt (*f.* átt, 86_{21}), háát (*alta voce*, 88_{16}), bu ráán (120_{11}), séár (*einkunn*); *o. s. frv. Á sama hátt er þar skrifað* vaar (ἡμῶν) *á* 145_{17}, 150_{24}, 160_{8}. — *Á yngri skinnbókum, þar sem* ꜵ, *með broddi eða broddlaust, er farið að tíðkast, t. a. m. í AM.* 126 *í* 4, *er það ekki síður haft fyrir þetta* á, *enn önnur.*

Enn fremur sýnir þetta sig í kvæðum fornskáldanna, með því að á *í slíkum orðum stendur í aðalhendíngum við önnur* á, *sem í dæmum þessum:*

válaust numinn máli, *Geisli* 34 (*Fms. V*, 359);
vèr frágum þat vága, *Hkr.* (*prent. í Hólmum*) *I*, 307;
atblásendr því vási, *Fms. VI*, 88;
vátar kiðr af gráti, *Líknarbraut* (*Viðey*, 1844) 18. *er.*,
vátr til glœps á báti, *Fms. IV*, 185,
lítt kátr með brá váta, *Fms.* X, 151;
at kemr fár er várar, *Sturl. II*, 213;
ár fèsjóðar várir, *Nj.* 108,
sárs úgleði vára, *Sturl. III*, 216,
hár fyrir sektir várar, *Harmsól* (*Viðey*, 1844) 21. *er.*,

---

*) *Samanb. stafmyndina, sem á að merkja fornafnið* sá, *á* 40. *bls.* — *Aðrir stafir, enn* a, *eru ekki tvöfaldaðir á þessari bók, að fráteknu* o *í* foot (*pedem*) *á* 166. *bls.*

hár óstyrktir várar, *Harmsól* 57. *er.*,
hár manndómi várum, *Harmsól* 18. *er.*,
várn grœðara járnum, *Líknarbraut* 16. *er*,
hjarta várs með tárum, *Líknarbraut* 46. *er.*;
Skánunga liðvánir, *Fms. XI*, 187,
Skánunga lokvánir, *Fms. VI*, 87,
rán gekk slíkt at vánum, *Fms. IX*, 401;
Hèðins gáttar nú váttar, *Nj.* 37,
sátt lauk(sk) þar með váttum, *Fms. VI*, 333,
hátt samþykkit vátta, *Sn.-E.* 348;
heiptbráðr of sik váðir, *Sn.-E.* 173;
áðr var stýrt til váða, *Fms. IV*, 273,
bráðan hitti Magnúss váða, *Sn.-E.* 344;
dráp Sigurðar vápna, *Fms. VII*, 349,
orðvápn kveðit drápu, *Leiðarvísan* (*Viðey*, 1844) 44. *er.*;
niðr kom beus* bára,
Búi nam sèr hvára, *Fms. I*, 178,
fèll sár á il hvára, *Fms. IV*, 186,
sárr mun gramr at hváru, *Fms. III*, 5,
árskapaðan grun vinir hvárskis, *Fms. IX*, 440;
Óðs kvánar byr mána, *Fms. I*, 40;
Goðinn repti svá,
er vèr gengum hjá, *Sturl. I*, 22,
Slíkt er svá,

---

*) *Eptir lagfœringu Sveinbj. Egilssonar.*

siklingr á, *Sn.-E.* 264,
Fold verr fólkbaldr,
fár má konungr svá, *Sn.-E.* 177;
blásvarta tvá, *Fms. VII,* 83;
fólknárungar váru, *Fms. III,* 148,
el-nárungar váru, *Sturl. II,* 75,
lognárungum váru, *Fms. II,* 315,
ár-hrafn-gefendr váru, *Fms. XI,* 199 (*sb. XI,* 188),
hvert ár Danir váru, *Fms. VI,* 255,
ár at hersar váru, *Fms. III,* 14,
undbáru flug váru, *Geisli* 51 (*Fms. V,* 364),
Danir váru þá báru, *Fms. VI,* 252,
fár hans bœir váru, *Fms. III,* 15,
grímu fárs þeir er váru, *Ólafsdrápa* (*Viðey,* 1832) 15. *er.*,
hár er staddir váru, *Fms. VII,* 60,
hár þeims komnir váru, *Placidusdr.* (*Viðey,* 1833) 38. *er.*,
sár- elda spor váru, *Fms. XI,* 144,
Háreks liðar váru, *Sn.-E.* 98;
frán sízt ýtt var hánum, *Fms. VI,* 308,
ormfrán sjá* hánum, *Fms. V,* 79,
fráns leggbita hánum, *Fms. II,* 318,
grán ok- skinn und hánum, *Fms. II,* 280,
mána vegr und hánum, *Sn.-E.* 111 *og* 122,

---

*) sea (*í tveimur samstöfum, eins og* geta, *o. s. frv.) er upphaflegra, enn* sjá.

slík rán er ek gaf hánum, *Eg*. 355,
rán míns fjár* hánum, *Eg*. 365,
mitt rán getið hánum, *Fms*. *V*, 17,
andrán getið hánum, *Fms*. *V*, 16,
fèrán lokit hánum, *Fms*. *III*, 103,
heiptar rán en hánum, *Fms*. *VI*, 40,
Skánunga gramr hánum, *Fms*. *VI*, 53,
hornspánu kveð ek hánum**, *Fms*. *VI*, 364,
án fremja þers hánum, *Harmsól* 3. *er*.,
hánum kennt í spánu, *Fms*. *II*, 205, (*Nj*. 161, *Krs*. 60).

Sama er að segja um eins úngt kvæði, og Lilja er:
feðgin vár með nógu dári, 18. *er*.,
geislinn brár fyrir augum várum, 33. *er*.,
María!*** hlýð þú orðum várum, 28. *er*.;
er nú váttr at þann dag mátti, 37. *er*.,
Efu brátt sem Móýses váttar, 13. *er*.,
sjálf náttúran manndóm váttar, 42. *er*.,
átti dagr frá fœðing váttar, 35. *er*.,
máttrinn hans þó guðdóm váttar, 65. *er*.,
fátt er gott þat (?) siðuna váttar, 76. *er*.;

---

*) fear (*í tveimur samstöfum*) *upphaflegra*.

**) *Er að sönnu þriðja vísuorð, en hjer eru aðalhendingar í hverju vísuorði.*

***) *Sb*. fyrir Máríu grátinn sára, 57. *er*.,
sonr Máríu er naglar skáru, 87. *er*.,
og allt 91. *erindið*.

Jesús sjálfr í musteris hválfi, 36. *er.*;
forni Adám* við Jesú kvámu, 64. *er.*

Það er enn hið þriðja, að hin afleiddu orð, er af þessum dragast með hljóðvarpi, hafa æ, *sem ekki getur komið af öðru enn* á: væg-ja (*t. a. m. Fms. VII,* 219₁₈ — *Hkr. III,* 321₆) *dregst af* vág- *(gröptur)*; væs-a, *í þol. hluttekningarorði* væstr *(dasaður af vosbúð), af* vás; væt-a *(nafn og sögn) af* vát-; væl-a *(sögn) af* vál; væn-n, væn, væn-t *og* væn-a *(sögn)*, væn-ask *af* ván; vændismaðr, vændiskona, vændisfólk *af* vánd-; væm-a *og* væm-inn, væm-in, væm-it *af* vám- (?); vætt-i *af* vátt-; væð-a (*t. a. m.* hervæða) *af* váð; al-væpn-i *af* vápn; hvæpl-ingr *(með víxluðum stöfum f.* hvælp-ingr, *eða f.* hvælp-lingr) *af* hválp-; kvæn-ask *og* of-kvæn-i *af* kván; þvætt-a *o. s. frv. af* þvátt-; lítil-væg-r *o. s. frv. af* vág- (*af* vega); vær-r, vær, vær-t *af* vár-um; kvæm-r, kvæm, kvæm-t *(í samsettum orðum, t. a. m.* haldkvæmr, eiga aptrkvæmt, eiga útkvæmt, *o. s frv.) af* kvám-um. *Slíkt er og um það að segja, þegar ein orðmynd dregst af annari:* væg-ja,-i,-ir,-im,-it *(afleiðingarh. þál. tíma) af* vág-um; vær-a,-i,-ir,-im,-it *af* vár-um; kvæm-a, -i,-ir,-im,-it *af* kvám-um. *Að sama hætti fer, þegar*

---

*) *Skinnbækurnar sýna, að fornmenn hafa sagt* Adámr, Adám.

orð tekur upp aðra mynd með hljóðvarpi, þó það breyti ekki merkingu sinni: kván *verður að* kvæn, *eins og* átt *að* ætt, sátt *að* sætt, (*sb.* bœn = bón); *sömuleiðis* tvá *að* tvæ (*í orðinu* tvæ-vetr).

Í fjórða lagi sjest á öðrum málum, að þesskonar orð hafa haft á *í vorri túngu; t. a. m. á gotnesku samsvarar* ê *ísl.* á, *eins og* mêg-s = mág-r, mêl = mál, mêna = máni, lêt-an = lát-a, *og á sama hátt* vêg-s = vág-r, vêpna = vápn, *o. s. frv.*

Ath. 1. *Þegar losna fór um þetta* á, *hefur líklega ýmist komið* ó *eða* o *í stað þess, og* o *ekki orðið algjörlega ofan á, fyr enn seinna. Þar af skilst, hvers vegna* -vó- *finnst í skinnbókunum öðru hverju, t. a. m.* vópnō *í Hkr. Frissbókar á* 131. *og* 278. *dálki (en* vápn *á* 11., vápnō *á* 142., vápnað⁷ *á* 317., *og* vopn *á* 265.)*; í Hkr. sömu bókar er orðið, sem nú er nefnt* von, *alls haft* 41 *sinni —* 32 *sinnum með* á, 1 *sinni með* o, 8 *sinnum með* ó. *Af því forna málið á vanda til, að breyta* á *í* ó, *þá lá beinast við, að gjöra eins í þessum orðum, allra helzt í eins atkvæðis orðunum, er enda á raddarstaf,* (vá, svá, tvá, þvá), *þar eð það virðist hafa verið eitt eðli íslenzkunnar fyrir öndverðu, að ekkert eins atkvæðis orð skyldi hafa grannan hljóðstaf að niðurlagi — þó slíkt finnist nú á dögum í* vo, svo, þvo, tvo, *í* tvö, sjö, (*sb-*

12. §.), *og svo í* ve *og* hve, *sem tekin eru úr eldra málinu, og heldur ættu að vera* vje, hvje.

Ath. 2. *Rask ritar þetta* á *með sperru* (å); *en það virðist að minnsta kosti vera óþarfi, þar eð það hefur bæði haft sama atkvæði og sama uppruna, sem önnur* á.

16. æ *er opt skrifað* ę *eða jafnvel* e, *einkanlega í elztu bókum, broddlaust, eða með broddi til að greina það fra e-hljóðinu, og á stöku stað* ae, ea (*sb.* oe *og* eo *f.* œ), æi *eða* ęi *eða* ei: þę́r (= þær) 623 *á* $45_{12,13}$, þęr 45_{26}; þér $45_{11,12,26}$, þer 46_{5}, mér (= mær, *þ. e. mey) í sömu bók* 52_{9}, nér (= nær) *Al.* 20_{14}, 27_{6}, (59_{15}), 60_{25}, 64_{20}, hretsla (= hræðsla) 677 *á* 4_{13}, eve (= æfi) *Al.* 30_{24}, beðe (= bæði) *Al.* 27_{6}; hvar ħ noꝛþ' ꝏ̄ kr uaerı[64] 325 (2) *á* 14_{8}, ſaét[65] 325 (2) *á* 57_{15}, fıornaemſ *Plac.* 23 (5_{4} *á bókf.*); Ea[66] standa mèr augu um eld til Gráſeldar *Fms. X;* ẏfır læıtı[67] 325 (2) *á* 33_{15}, læígı[68] 325 (2) *á* 49_{24}, ılanꝺa mǽırı[69] 325 (2) *á* 38_{16}, (*sb.* yi *f.* ý); þeır (= þær) 623 *á* 45_{28}; *o. s. frv.* — *Þar sem* æ *er skrifað eins og* œ, *kemur það til af því, að hljóð þeirra hafa verið farin að blandast.*

---

64) hvar hann norðmannakonungr væri. 65) sætt. 66) Æ (*þ. e. ætíð*). 67) yfirlæti. 68) lægi (3. *pers. eint. í afleiðingarh. þál. tíma af* liggja). 69) í landamæri.

17. e *er opt ritað* ę, *og enn optar* æ; *t. a. m. i* 623: h̄ var hıngat ękın í ellðlıgrı kęro[70] 97, ávoxtr męnzcrar ágırnı[71] 204, þeır er vęl lıfþo[72] 2914, ęılıfrar[73] 413, þa bęit h̄ aungvl gvþðōſ h̄ſ[74] 414; — *i Al.:* ęrenðe[75] 644, hærnaðe[76] 2524. *Sumstaðar, t. a. m. i Sks., er* æ (= e) *miklu tíðara, enn* e *sjálft.* — *Á stöku stað er* e *skrifað* ae: gaeymer[77] *Plac.* 43 (811 *á bókf.).*

Ath. Fyrir e *er ritað* h *i nafninu* Jesús; *sjá ath. við* 37. §.

18. ë *finnst ritað öllum sömu stöfum og* e, *enda gjöra* ë *og* e *aðalhendingar í skáldskap sem hjer:*

ëtr hrafn verit betri, *Nj.* 43,

og í sömu vísu:

muninn bekki vargs drëkka,

og er ekki gild ástæða til að halda, að framburður þeirra hafi verið mismunandi, — sem þó er ætlun Jakobs Grimms.

19. è (= je) *er að sönnu ekki nærri alstaðar greint frá* e *og* ë; *en þó má sjá, að það hefur verið*

---

70) hann var hingat ekinn í eldligri kerru. 71) ávöxtr mennskrar (*þ. e. mannlegrar*) ágirni (*þ. e. ágirndar*). 72) þeir, er vel lifðu. 73) eilífrar. 74) þá beit hann öngul guðdóms hans. 75) erendi. 76) hernaði. 77) geymir.

komið upp, þegar hinar elztu skinnbækur, sem enn finnast, voru ritaðar; því

1) *er opt settur broddur yfir þesskonar* e: þa tok ħ i henði ſinni ⁊ lẹ́c vıþ foglınn[78] 623 *á* 18₁₈, léc v̇ foglıɴ[79] 623 *á* 18₂₀; ſv e elıſéa hét[80] 623 *á* 50 *neðst*, kona ħſ hét agláıs[81] 623 *á* 51₂₆, at þ,r munðo blota ſem þẹ́r hẹ́to[82] 623 *á* 46₉; þa lét h° lıoſ breña[83] 623 *á* 51₁₀; íob..... rézc fra ıllo. á alla vega[84] 623 *á* 38₂₄; ſé her[85] 623 *á* 32₁₄, ſéñ[86] *Al.* 35₂₂; ſém[87] 623 *á* 56₅; lét[88] *Al.* 61₃₁; vér[89] 623 *á* 32₁₆, 59*neðst*, *Al.* 63₄,₁₀; þér[90] *(tibi)* 623 *á* 45₁₃, *Al.* 63₄,₉; *(vos) Al.* 62₂; heẏreð ér[91] *Al.* 16₁₈, megoð ér[92] *Al.* 16₂₃, ſcoloð ér[93] *Al.* 17₆; ſér[94] 623 *á* 50₁₃, 52₁₄, 54₃, 55₂₇; þa ſléꝛı lıoſı fẏrır ħ ſē ẹllðıng uærı[95] 325 (2) *á* 40₅.

78) þá tók hann til hendi sinni ok lèk við fuglinn. 79) lèk við fuglinn. 80) sú er Elísea (*e.* Elísèa?) hèt. 81) kona hans hèt Aglais (*e.* Agláis). 82) at þær mundu blóta, sem þær hètu. 83) þá lèt hon ljós brenna. 84) Job..... rèðsk frá illu (*þ. e. forðaðist ill verk*) á a. v. 85) sè (*skipunarháttur af* sea — sjá, *eins og* les *af* lesa) hèr (*ecce*). 86) sènn (*f.* sèinn; *þ. e. sèn, sèður*). 87) sèm (*þ. e. sjeum*). 88) lèt (= lèð, *hlutteknìngarorð af* lea — ljá). 89) vèr (*nos*). 90) þèr. 91) heyrið èr. 92) meguð èr. 93) skuluð èr. 94) sèr (*sibi*). 95) þá slèri ljósi fyrir hann sem elding væri. Slèri *f.* sló, *af* slá, *lagað eins og* snèri, nèri (*f.* gnèri), grèri, rèri; *sb.* slöri (þa ſlœrı — *með stryk i gegnum* œ — á oþefıanı oc ylðv *i sömu bók á* 6₂₄), *eins og* snöri, *o. s. frv.*

2) *er það opt ritað* ee, ée, eé, éé: ſeet[96] *Sks.* 97*b*16, ſeeñ[97] *Sks.* 99*a*17, ſeer til ſœmðar[98] 322 *á blað.* 1*a*16; ſéét[99] *Sks.* 33*b*17, 34*a*8, Ver þu lıtıll fẏrir augū þınū. at þu ſéér mẏkıl fẏrır augū guðſ[100] 619 *á* 829.

3) *stundum* ıe, *og jafnvel* ıé: hon ſer meɴ ıǫnnor hıeroþ ganga[101] 673 *A á* 5310, hıeroðv̄[102] 656 *C á* 930; þa er þat ıetr oç er fullt[103] 673 *A á* 569; Mıcılſ er v͛t of þesa hlutı er hıer ero ſagþ[104] 677 *á* 7936; J þeſſō hæımı bıærgr guðſ mıſcun þæī er gera ıðran[105] 619 *á* 11*neðst;* þıer eroð heılagt muſt͛ı ðttıns[106] 656 *A* 1 *á* 1013, v͛ıt ıer nu oc þa bræðı bun͛ at ſtanðaz ſtunðlıgar pıſlır at ıér megıt auallt gleðıaz oc lıfa æ oc æ. með cͥſtı[107] 656 *B á* 324-25,

---

96) sèt (*líka* sèð; *f.* seit *af* sea — sjá, *eins og* lesit *af* lesa; *þ. e. sjáið*). 97) sènn (*sjá* 86). 98) sèr til sœmðar (*líka* sœmdar). 99) sèt (= sèð). 100) Ver þú lítill fyrir augum þínum, at þú sèr (*þ. e. sjert*) mykill fyrir augum guðs. 101) hon sèr menn í önnur hèröð (*e.* hèruð) ganga. 102) hèröðum (*e.* hèruðum). 103) þá er þat ètr, ok er fullt. 104) Mikils er vert of (*þ. e. um*) þessa hluti, er hèr eru sagðir. 105) Í þessum heimi bèrgr guðs miskunn þeim, er gera (e = ö) iðran. 106) þèr eruð (*f.* erut) heilagt musteri dróttins. 107) verit èr (= þèr) nú ok þá brœðr! búnir at standaz (*f.* standask) stundligar píslir, at èr (= þèr) megit ávallt gleðjaz (gleðjask) ok lifa æ ok æ með Kristi.

Jer bræðr oc sen abrahams[108] 656 *C á* 14₂₉, *o. s. frv. víða í* 656, hieðan[109] 655 *Fragm. X² á* 2₁₅.

Ath. è *er haft í niðurlagi eins atkvæðis orða* (fè, sè, *o. s. frv*), *eins og það væri breitt hljóð. Fornmenn hafa og ekki sagt* ve, *heldur* vè, *sömuleiðis* Rè *(hjerað í Noregi og annað á Vindlandi), og varla nefnt* e *í niðurlagi á neinu eins atkvæðis orði, án þess að nefna* j *fyrir framan, nema í nafninu á hljóðstafnum* e.

20. i *og* í *eru sjaldnar greind hvort frá öðru, enn* a *og* á, o *og* ó, *o. s. frv.*, *þar eð fornmenn rita jafnaðarlega brodd yfir öll* ı, *til þess meira beri á þeim og þau líti síður út eins og partur af öðrum staf* (4. §)*; *en* ı *með depli fyrir ofan* (i) *hafa þeir alls hvergi.***

21. u *og* ú *eru opt rituð* v. — *Þó nokkur vafi sje á um atkvæði hins opna* u-*hljóðs í fornöld, þykir samt óhultast, að nefna* u *eins og nú er títt, og gjöra*

---

108) jer (= þèr) brœðr! ok senir (*þ. e.* synir) Abrahams. 109) hèðan.

*) *Af líkum orsökum munu menn hafa tekið upp á því seinna meir, að setja depil yfir* ı, *þó* i *sje aungvu rjettara, enn* á, ó, ú, ý.

**) *Á nokkrum kafla af Trójumanna-sögu í Hauksbók eru að sönnu (stórir) deplar settir yfir* ı; *en það lítur eins út, og það sje gjört seinna, af rælni.*

ráð fyrir, að y *hafi síns vegar haft sama hljóð og það kvað hafa enn á Íslandi, þar sem það er greint frá* i.

22. *Yfir* y *er vant* að setja depil, hvort sem það merkir* y *eða* ý, *og er það líklega gjört til að greina það frá* v, *sem opt líkist* y. *Stundum er skrifað* yi *f.* ý: flýıðı 619 *á* 126_{5}, flýıðu 619 *á* 122_{14}, flýıðo 619 *á* 77_{28} *og* 104_{24}, frýıðı 619 *á* 118_{12}, drýıgıa 619 *á* 89_{23}.

23. *(Framhald.) Flestir munu fallast á, að* y *og* ý *hafi fyrir öndverðu, og leingi fram eptir, haft annað atkvæði, enn* i *og* í, *þar eð það virðist vera bert*

1) *af stafsetníngu fornbókanna; því ekki verður skilið í, hvers vegna fornmenn skyldu annarskostar blanda* ı *og* y *miklu sjaldnar saman, enn nú er títt, svo að stórar skinnbækur eru í þeirri grein frá upphafi til enda samþykkar sjálfum sjer og uppruna orðanna;*

2) *þar af, að* i *og* y *eða* í *og* ý *gjöra skothendíngar í kveðskap, sem hjer:*

lyngs at loknu þingi, *Nj.* 259,
þýð hvárt þat hafi smíðat, *Nj.* 70,
hèr lýsi ek veg vísa, *Fms. X,* 110,
o. s. frv.;

---

*) *Í El. og fleirum hinna beztu fornbóka eru þó ekki settir deplar yfir* y.

3) *er sagt, að* y *heyrist enn sumstaðar á Íslandi, eða hafi heyrzt allt fram á vora daga, og mun þá það hljóð (sjá 21. §) vera hið sama, sem tíðkast hefur í fornöld; en þar sem* y*-hljóðið er að öðru leyti undir lok liðið, hefur það í einstöku orðum snúizt í* u, *svo að menn segja, að minnsta kosti í sumum sveitum:* spurja (*ritað* spyrja, *af* spor), forustusauður (*af* forusta, *forðum* forysta, *f.* forvista, *af fyrirs.* for *og* vista — *sb.* samvista — *af sögn.* vësa), kjur (*ritað:* kyr), uvrað, uvrá, uvrí, uvrumm, uvrundir (*ritað:* yfir að, yfir á, *o. s. frv.*);

4) *í hinum nýjari norðurlandamálum eru* y *og* ý *höfð þar í orðum, sem menn eiga von á þeim, eptir tilvísun ritsháttar fornbókanna.*

Ath. 1. *Hins vegar hefur snemma farið að losna um* y, *einkum í sögn.* þykkja, *sem álíka opt er skrifuð* þikkja *(þó síður í elztu bókum), og þar næst í fyrirsetningunum* yfir *og* fyrir, *t. a. m.* ꝼıre *Al* 12_{29}, 14_{16},*neðst*, 15_{1}, *(en* ꝼẏre *Al.* 14_{21}, $\overset{7}{\text{ꝼẏr}}$ *Al.* 20_{29}, ꝼẏr *Al.* 13_{10}, 14_{30}*tvisvar*,$_{31}$, 19_{31}), $\overset{7}{\text{ıp}}$ *Al.* $24_{11,18,23,24}$ *(en víðast hvar með* ẏ *í sömu bók); o. s. frv. — Sömuleiðis skiptast* i *og* y *á í orðinu* mikill, mikil, mikit *og* mykill, mykil, mykit. *Þar á ofan blandast* ı *og* ẏ *saman í öðrum orðum (líkt og á eingilsaxnesku, en ekki nærri eins opt), sumpart af vangá, og sumpart*

líkast til af því, að framburðurinn hefur þá þegar verið á reiki, þó hann hafi að mestu fylgt því, sem rjettara var, og er skinnbókin 623 *einna merkilegust í þessari grein, eins og í fleira. Þar finnst:*

1) i *fyrir* y: þar rañ fᴍ heſtr hvıtr er réıþ hıggılıgr. Ÿ[110] 3 10; meþ ahıgıo[111] 21 5 (*en* ahẏgıo[112], *sömuleiðis í þiggj. eint.*, 21 19,20), aẜgo þra þẏŋþvſc aꝼ tarüm ⁊aꝼ ahıgıo hıarta þra[113] 60 20, ahıgıa..... var aẜll í bríostı þeī[114] 61 5, þar er þv ſcyllð⁷ at gvþı einom hıgıa[115] 18 23, geꝼ ec ẏꝥ ꝼreſt at ᵉ hıgıþ at yꝥ ⁊ lıꝼıt[116] 59 22, er aẜga ma nẏ egı ſía. ne eẏra heẏra ne hıarta manz hıgıa[117], *44neðst*, at þv metır hıgıa at heılſo þıñı[118] 47 20; gerþıſc mırk ẏꝼ þeī ⁊ ī ſvartaſta þoca. En gratr ⁊ hrıgleık com ẏꝼ alla cstna meɴ[119] 57 26; þa ſcolō ᵛ leẏſa rexna to-

---

110) þar rann fram hestr hvítr, er reið higgiligr (*f.* hyggiligr?) maðr. 111) með áhiggju (*f.* áhyggju). 112) áhyggju. 113) augu þeira (*e.* þeirra) þyngðusk af tárum ok af áhiggju (*f.* áhyggju) hjarta þeira (*e.* þeirra). 114) áhiggja (*f.* áhyggja) var öll í brjósti þeim. 115) þar er þú skyldir at guði einum higgja (*f.* hyggja). 116) gef ek yðr frest, at èr (*þ. e.* þèr) higgið (*f.* hyggit) at yðr ok lifit. 117) er auga má nú eigi sjá, nè eyra heyra, nè hjarta manns higgja (*f.* hyggja). 118) at þu mættir higgja (*f.* hyggja) at heilsu þinni. 119) gerðisk mirkr (*f.* myrkr) yfir þeim ok in svartasta þóka; en grátr ok hriggleikr (*f.* hryggleikr) kom yfir alla kristna menn.

trıgþar ħſ[120] 2624; mırqᵃſtofo[121] 435-6 (sb.7), mırkaſtoſo[121] 43neðst; ef er þıckıſc tęlð va[122] 4618; í fıolcıgı ſınnı[123] 4920; kınðılmeſſo[124] 514.

2) í *fyrir* ý: ſem mollð ſv er fıkr ívınðı[125] 251; þa ſınðı ħ þat[126] 3818, at e megıt ſína crapt þra[127] 493; þesar pıſlır e ſınılıgar ró[128] 4426; lıoſ er lıſır hvɴ maɴ[129] 4926; ⁊ ſpıto í anðlıt ħm[130] 5618; nagraɴar þın..... hlıþa égı boþoꝛþı þıno[131] 593.

3) ei *fyrir* ey: þv..... leıſt⁷ aɴð mına[132] 2817, ⁊ leıſaſc marg oꝛ háſka ⁊ ſóttō[133] 297, ec mvn leıſa óꝛ ſotom ⁊ óꝛ háſca ⁊ óꝛ aɴllō naɴþom þa er meþıno arħaþar oꝛþı bıþıa mıc lıcnar eꝼ

---

120) þá skulum vèr leysa rexna tortriggðar (*f.* tortryggðar) hans. 121) mirkvastofu (*f.* myrkvastofu). 122) ef èr (*þ. e.* þèr) þikkisk (*f.* þykkisk, *er þetta orð því hjer til greint, að það er skrifað með* y *annarstaðar í* 623) tældir vera. 123) í fjölkinngi (*f.* fjölkynngi) sinni. 124) kindilmessu (*f.* kyndilmessu). 125) sem mold sú, er fíkr (*f.* fýkr) í vindi. 126) þá síndi (*f.* sýndi) hann þat. 127) at èr (*þ. e.* þèr) megit sína (*f.* sýna) krapt þeira (*e.* þeirra). 128) þessar píslir, er síniligar (*f.* sýniligar) ró (*f.* eru). 129) ljós er lísir (*f.* lýsir) hvern mann. 130) ok spíttu (*f.* spýttu) í andlit hánum. 131) nágrannar þínir..... hlíða (*f.* hlýða) eigi boðorði þínu. 132) þú..... leistir (*f.* leystir) önd mína. 133) ok leisask (*f.* leysask) margir ór (*f.* úr) háska ok sóttum.

þeī genır at leıſaſc í þesō heímı[134] 50$_{20-22}$, þa lét kogr leíſa aꝼ þeī bǫnð[135] 59$_{23}$; all þr e þeī treíſtaſc[136] 44$_{9}$; þȩr hofþo meþ s sekca ⁊ lȩto í grot leınılıga[137] 45*neðst*, ⁊ leíndiſc þv þo ꝼ os[138] 56$_{23}$; all þeır..... varo nȩíðð tıl blota[139] 29$_{14}$. *Á einum stað er þetta* ei *ritað* e: þa vıllðı h̄ þegı ſnvaz t trv[140] 49$_{12}$.

4) y *fyrir* i: at hvatkı e lıcar at gøra ẏþrō mıkılleık v̄ þena gagnstǫþo maṅ kẏnnẏþ er varō lıtılléık[141] 12$_{11}$; gẏþẏŋar[142] 58$_{3}$; ept þta ſẏnðẏſc þeım eŋıll ðrottıNſ[143] 30$_{23}$; rydara[144] 30$_{28}$;

---

134) ek mun (*f.* man) leisa (*f.* leysa) ór sóttum ok ór háska ok ór öllum nauðum þá, er (meþıno *misskrifað fyrir*) með þínu árnaðarorði biðja mik líknar, ef þeim (genır *líkl. misskrifað fyrir*) gegnir at leisask (*f.* leysask) í þessum heimi. 135) þá lèt konungr (*en ekki* kóngr; *því sjálfsagt hefur að eins gleymzt að setja stryk yfir um* k) leisa (*f.* leysa) af þeim bönd. 136) allir þeir, er þeim (skurðgoðum) treistask (*f.* treystask). 137) þær höfðu með sèr sekka ok lètu í grjót leiniliga (*f.* leyniliga). 138) ok leindisk (*f.* leyndisk) þú þó fyrir oss. 139) allir þeir..... váru neiddir (*f.* neyddir) til blóta. 140) þá vildi hann þegi (*f.* þeygi) snúaz (*f.* snúask) til trú. 141) at hvatki er líkar at göra yðrum mikilleık við þenna gagnstöðumann, kynnyð (*f.* kynnið = kynnit; *getur verið misskrifað*) èr (*þ. e.* þèr) várum lítillèik. 142) Gyðyngar (*f.* Gyðingar; *getur verið misskrifað*). 143) eptir þetta sýndysk (*f.* syndisk; *misskrifað?*) þeim engill dróttins. 144) ryddara (*f.* riddara).

ſa er ſcẏlþıſc ꝼ os[145] 33₂₀ (*en í næstu línu* ſcıhaſc[146]), þa ſcolo þer ſcẏlþ ꝼ vınattv mını[147] 59₁₉, at þ er mer ſcẏlþıſc[148] 61₈; ⁊ ſvnðı ſcẏpt þv ſıanō[149] 34₄; ſolar ſcẏn[150] 53₂₅ (*en* ſcın ſolar[151] 21₉); 52*neðst hefur sjálfsagt staðið annaðhvort* ẏꝼırlẏtı[152] *eða* ẏꝼlẏtı[152].

5) ẏ *fyrir* í: ⁊ lata ħ ſcẏra[153] 15₇ (*en í 11. línu:* en þa er ħ var ſcırþr[154]), ſ vaz ſcẏn[155] 18₆ (*en í sömu línu* ſcırazc[156], *og í næstu línu* ıþranar ſcırn[157]); ⁊ ſva ſcẏn anðlıt ħſ[158] 53₂₅ (*en* þarſ þv ſcın ı helgom ıartéınom[159] 18₂₃); lẏſ ⁊ ðaþı[160] 27₇; hvr er ſlẏcr ſem var gvþ[161] 47₁; ept boþı rẏkıſ ẏþvæſ[162] 12₄.

6) ey *fyrir* ei: at þangat ſcẏllðı leẏþa rẏdara[163] 30₂₈.

---

145) sá er skylðisk (*f.* skilðisk) frá oss. 146) skiljask. 147) þá skulu þèr skylðir (*f.* skilðir) frá vináttu minni. 148) at því er mèr skylðisk (*f.* skilðisk). 149) ok sundr skyptir (*f.* skiptir) þú sjánum. 150) sólar skyn (*f.* skin). 151) skin sólar. 152) yfirlyti (*f.* yfirliti). 153) ok láta hann skýra (*f.* skíra, *baptizare*). 154) en þá er hann var skírðr. 155) fyrir vatns skýrn (*f.* skírn). 156) skírask. 157) iðranar-skírn. 158) ok svá skýnn (*f.* skínn) andlit hans. 159) þars þú skínn í helgum jarteinum. 160) lýf (*f.* líf) ok dauði. 161) hverr er slýkr (*f.* slíkr), sem várr guð. 162) eptir boði rýkis (*f.* ríkis) yðvars. 163) at þangat skyldi leyða (*f.* leiða) ryddara (*f.* riddara).

7) *Á tveim stöðum fyrir víst skiptast ý og* ı *um, svo þar verða tvær villur í einu orði:* os ſmýſc þv oðýglıgr[164] 9_{14-15}; ſtıryolð[165] 25_{6}. *Slík dæmi finnast og í öðrum bókum, þó þau sjeu þar sjaldfundnari, t. a. m.*

1) i *fyrir* y: skildi (skilldi) *f.* skyldi *mjög opt í norrænum laga-skinnbókum* (*t. a. m. í* 60 og 322) *og íslenzkum skjölum á* 14. *öld;* ıbrın-ıoʀı[166] 325 (2) *út undan* 22. *línu í* 15. *dálki* (*en rjett á undan* hıalmaþr oc brvnıaþr[167]), ıſırſt-ðnı[168] 325 (2) *á* 22_{11}.

2) í *fyrir* ý: þr marka vıllo m̄ɴ þa ef lata ſem nıtt kenne[169] 673 *A á* 2_{9}, ímıſır[170] *Sks.* $41b_{27}$, oſınılıga[171] (*þol. fleirt. í karlk.*) 677 *á* 73_{3}, bíar (= býjar = bœjar) *opt í norrænum laga-skinnbókum* (*t. a. m.* 322 *á* $31a_{33}$, $52a_{24}$).

3) ei *fyrir* ey: æıſvſla[172] 325 (2) *á* 31_{24}, þa ꝼoꝛ anðreaſ ꝼýrſt oꝼ gclaɴðz eıar[173] 625 *á* 64_{4}.

---

164) oss sínysk (*f.* sýnisk; *hljóða víxlun eða stafa*) þú ódyggligr. 165) stiryöld (*með stafa víxlun, f.* styrjöld; ý *og* o *á skinnbókinni eru dregin saman, svo að aptari álman á* ý *hverfur að mestu í* o). 166) í brinjunni (*f.* brynjunni). 167) hjálmaðr ok brynjaðr. 168) í firstunni (*f.* fyrstunni). 169) þeir marka villumenn þá es láta sem nítt (*f.* nýtt) kenni. 170) ímisir (*f.* ýmisir = ýmsir). 171) ósíniliga (*f.* ósýniliga). 172) Eisýsla (*f.* Eysýsla, *Osilia*). 173) þá fór Andreas fyrst of Grikklandseiar (*f.* Grikklandseyjar).

4) y *fyrir* i: þa er æccı ẏfanða[174] 649 *á* 924, at ſnua h̄m tıl ſannrar ẏðranar[175] *Hauksbók á* (96) 5*b*9, allr gẏþẏnga lyþr[176] 625 *á* 3012.

5) ẏ *fyrir* í: vẏcr (3. *pers. nút. tíma af* víkja) 237 *á* 4*a*37, hælðr ſcẏnı þæır í ræın lıſı oc bındęndı[177] 649 *á* 1723.

6) ey *fyrir* ei: Honoc̄tꝛrvſ heẏt ðẏr[178] 673 *A á* 211, uæyk[179] *Plac.* 29 (63 *á bókf.*), læknanðı veẏka sal[180] 655 *Fragm.* xxxıı.

Ath. 2. *Í staðinn fyrir* klípa, klíp, kleip, klipit *hafa fornmenn* klýpa, klýpi, klýpta, klýpt (Ða toc Laurencıuſ ıſıðu ſtephano ⁊ klẏpðı apar ꝼaſt[181] *Sks.* 133*b*21), *og þar af* klýping (klẏpıng Laurencíj *Sks.* 133*b*29).

Ath. 3. *Það skiptir opt merkingum orða, hvort þau hafa* i *eða* y, í *eða* ý: skin *er birta, en* skyn *vit* (*sb.* skynja, skynbragð); *jörð er* píð, *en kona er* pýð; píða *er að láta þiðna, en* pýða *er að útlista; smiður* skírir *silfur, vatn* skírir *augu, prestur* skí-

---

174) þá er ekki yfanda (*f.* ifanda = ëfanda). 175) at snúa hánum til sannrar yðranar (*f.* iðranar). 176) allr gyðyngalýðr (*f.* gyðingalýðr; *líkl.*, *misritað*). 177) heldr skýni (*f.* skíni) þeir í reinlífi ok bindendi. 178) Honocentaurus (*onocentaurus*) heytir (*f.* heitir) dýr. 179) veyk (*f.* veik). 180) læknandi veyka (*f.* veika) sál. 181) Ðá (= þá) tók Laurencius í síðu Stephano ok klýpði (= klýpti, *þ. e. kleip*) afar fast.

rir *barn, en klerkur* skýrir *(þ. e. útlistar) bók; gull er* skírt *eða silfur, og saklaus maður verður* skírr *við járnburð, en* skýrr *er greinilegur eða greindur t. a. m.* þegar mønðe hrt barn męla ſcyrt[182] *El.* 25*neðst,* kallaþı hát ⁊ ſcẏrt[183] 623 *á* 35₂₅, *og*

skatna skýrstr*
Skúli dýrstr;

tína *er að lesa, en* týna (*af* tjón) *er að glata;* leifa *er að skilja eptir, en* leyfa *er að lofa; maður* reitir *forlögin* (*Al.* 26₁₆), *en* reytir *gras* (*Nj.* 119)*; o. s. frv.*

Ath. 4. Þau orð, sem eru útlend að uppruna, fara ekki ætíð eptir því, hvert hljóð þau hafa haft í ættmáli sínu, heldur breytist (ἡ)κυριακή *í* kirkja, *Aegyptus í* Egiptaland (*þó* Egyptaland *í* 619), *Babylo í* Babílon, *episcopus í* byskup (*að minnsta kosti optar enn í* biskup, *sem þó finnst t. a. m. í* 645, *víða í Gþl. eldri, o. s. frv.*).

24. o *er stundum ritað eins og* ö (*líklega af því, að* ö *síns vegar er svo opt ritað* o): þeſſō ↄrþō[184]

---

182) þegar möndi (= myndi) hvert barn mæla skýrt.
183) kallaði hátt ok skýrt. 184) þessum örðum (*f.* orðum).
*) *Eða er* skýrr *hjer = ágætur, frægur, eins og clarus á latínu?*

325 (2) *á* 35₁₁, ıaðð aliþı fıno[185] 325 (2) *á* 59₂₁, *o. s. frv.*

25. œ (*hljóðvarp af* ó, *en ekki af* **á**) *er ekki að eins ritað* ꝍ, ø, ǫ, ǫ, ę, *og jafnvel* aø, oe, eo, *heldur og* au, ꜷ *og* ay, æ, ę, e, *t. a. m.:* nꝍra[186] (*sögn*) *Sks.* 9*b*₂₄, 66*a*₂₆,*b*₆, nꝍrēg[187] 10*a*₃, nꝍrıngar[188] 10*b*₇, tungu ſkꝍðe[189] 83*b*₂₈; grøþa[190] 623 *á* 26₂₇, enı hǿgrı henðıııı[191] 623 *á* 17*neðst*, brǿþrom[192] 623 *á* 22₁₂, enō ǿzta[193] 623 *á* 48₂₄; ǫztr ⁊ helgaſtr[194] 623 *á* 38₁₁; brǫþrom[195] 623 *á* 23₁, rǿkþ[196] 623 *á* 13₁₆, ept⁷ þesa maɴa ðǿmv̄[197] 623 *á* 20₂₂; aøtſt[198] *Plac.* 45 (8₂₁ *á bókf.*); heógıa[199] 237 *á* 1*a*₁₁, meóþa ſıc í faſtō[200] 237 *á* 1*b*₂₂, beóner[1] 237 *á* 1*b*₃₁, í beonō[2] 237 *á* 1*b*₃, ſva at góþ déome ſtýrke oſſ tıl ęſ⁷glıkíngar. en ıll déome vare oſſ vıþ ſýnþer[3] 237 *á*

---

185) í ödd (*f.* odd) á liði sínu. 186) nœra (*danska orðið* *nære* *er lagað eptir þjóðv. orðinu* *nähren*). 187) nœreng (*f.* nœring). 188) nœringar. 189) tunguskœði (skœði, *kynl., dregið af einkunnarorðinu* skœð-r; *en* skœðr *mun vera dregið af* skóð, *sem haft er í skáldskap*). 190) grœða. 191) enni hœgri hendinni. 192) brœðrum. 193) enum œzta (*e.* œðsta?). 194) œztr (*e.* œðstr?) ok helgastr. 195) brœðrum. 196) rœkð (= rœkt). 197) eptir þessa manna dœmum. 198) œzt (*e.* œðst?). 199) hœgja (*sögn*). 200) mœða sik í föstum. 1) bœnir (*preces*). 2) í bœnum. 3) svá at góð dœmi styrki oss til eptirglíkingar, en ill dœmi vari oss við synðir.

2b18-20, Oc ſva ſē v[7] féoþō oſſ ıtarlegre féozlo of hǽtíþer. ſva ſcolō v[7]. oc feóþa ǫnd óra. hǽtíþlegre feózlo. þat ero orþ goþſ. þvıat óſeómt eſ at lícār feóþeſc. oc clǽþeſc[4] 237 *á* 2b25-39, reóþa[5] 234 *á* 3b20, *o. s. frv., (svo er og þessi ritsháttur við hafður í 1812 á elztu hendinni)*; h̄ auſtıſc at mr[7] nıþ[6] 325 (2) *á* 1411; er m̄yclo ſanlıgra at h• ſe hrǿrþ. oc þegar er h• var hrǿrþ[7] 325 (2) *á* 623-24, Oc þar eſt[7] gþo[7] þrǿnd[7] foꝛ at honū amǿríne[8] 325 (2) *á* 118-9; allra baþzt m̄ oꝛþſendıng oc baýnaſtaþ[9] 325 (2) *á* 542; á moꝛgın at dagſ magní ǿrno[10] 623 *á* 3011; þa er tıl dꝛapſ varo dǿmþ[7] fẏr glǿpı ſına[11] 2518, þa rǿdo þeır ıarll[12] 3211; ⁊ greDır þv alla ſıuca[13] 2012, tıl hǿgrı handar[14] 104; fǿzla[15] 623 *á* 4129.

Stafur þessi hefur í öndverðu verið frábrugðinn æ (sem dregið er af á), ekki síður að atkvæði enn að uppruna, og má það ráða:

---

4) ok svá sem vèr fœðum oss ítarlegri fœzlu (*e.* fœðslu) of hátíðir, svá skulum vèr ok fœða önd óra hátíðlegri fœzlu (*e.* fœðslu), þat eru orð guðs; því at ósœmt es, at líkamr fœðisk ok klæðisk. 5) rœða *(sögn)*. 6) hann œstisk at meir við. 7) er myklu (= miklu) sannligra, at hon sè hrœrð; ok þegar er hon var hrœrð. 8) ok þar eptir gerðu þrœndir för at honum (*f.* hánum) á Mœrinni. 9) allra baztra manna orðsending ok bœnastað. 10) á morgin at dags magni œrnu. 11) þá, er til dráps váru dœmðir, fyr glœpi sína. 12) þá rœddu þeir jarl. 13) ok grœddir þú alla sjúka. 14) til hœgri handar. 15) fœzla (*e.* fœðsla?).

1) *af ritshætti þeirra skinnbóka, sem greina* æ *og* œ *með fullkominni nákvæmni; eins og Ólafs saga Tryggvasonar, eptir Odd múnk, sem prentuð er í 10. bd. af Fms., Sks., og fl.**; *því sú sundurgreining gat í þá daga ekki verið grundvölluð á neinu öðru, enn sjálfum framburðinum;*

2) *þar af, að Norðmenn, Danir og Svíar hafa allt annað hljóð (og annan staf) þar sem* æ, *í nýrri íslenzku, er dregið af* ó, *enn þar sem það kemur af* á;

3) *þar af, að* œ, *(þ. e.* æ *sem hljóðvarp af* ó*), en ekki* æ *(sem hljóðvarp af* á*), getur breytzt í* ý, *sem síðar segir;*

4) *þar af, að* æ *er aldrei skrifað* eo; *o. s. frv.*

Að atkvæðinu til má ætla að œ *hafi verið í sama hlutfalli við* ó, *eins og* æ *við* á, *það er að skilja* = oí (oí: oú = aí: aú), *þar eð* œ *er runnið af* ó *með sama hætti og* æ *af* á. *Af þessum orsökum þykir rjett að skrifa þenna tvíhljóð eins og Rask hefur gjört* (œ), *einkum þar eð sá stafur líkist mjög* ꝍ, *sem tíðkast í ýmsum fornbókum sjer í lagi þeim, er mestu eiga að*

---

*) *Skinnbækurnar skiptast í þrjá flokka, að því leyti sem* œ *og* æ *snertir: fyrsti flokkur greinir þau nákvæmlega í sundur, annar stundum, þriðji aldrei. Í fyrsta flokkinum eru elztu íslenzkar bækur og það, sem ritað er í Norvegi.*

ráða um þetta efni, og það er þar á ofan stundum ritað oe.

26. *Hinir grönnu og opnu hljóðstafir eru ljettari og áriðaminni, enn hinir breiðu og lokuðu, og standast ekki ætið, ef þeir verða staddir fyrir aptan þá, heldur hverfa þeir, og er þá sem hinn meiri stafur svelgi þann, sem minni er fyrir sjer. Með þessu móti verður*

1) áa *að* á: á, *amnium;* tá, *digitorum pedis;* grá, grán, grár (*f.* gráa, gráan, gráar); *o. s. frv.*

2) áu *að* á: vèr fám (*f.* fáum), sjám (*f.* sjáum), sám (*f.* sáum); sáð *e.* sát (farið ⁊ segið Jóani sē er sað ⁊ heyrðot[16] 625 *á* 95 11, *f.* sáuð *e.* sáut); þeir sá (*f.* sáu); blá, blám (*f.* bláu, bláum); strám (*f.* stráum); nám (*f.* náum, *bæði þiggj. fleirt. af nafninu* nár = *dauður maður, og* 1. *pers. fleirt. í framsöguh. núl. tíma af sögn.* ná); *o. s. frv.*

3) óu *að* ó: klóm, *ungvibus* (*f.* klóum); Gró (*eig. eint. af* Gróa); *o. s. frv.*

4) úu *að* ú: kúm, *þiggj. fleirt. af* kýr (*eins og enn í dag, f.* kúum); trúm (*f.* trúum, *t. a. m.* í þín

---

16) farið (*f.* farit) ok segið (*f.* segit) Jóani sem èr (*þ. e.* þèr) sáð ok heyrðut.

þes er v̄ tvm á[17] 623 *á* 47₅); trú (*f.* trúu*, *eig. eint. af* trúa, *en ekki af* trú); *o. s. frv.*

5) ái *að* á, eyi *að* ey, ýi *að* ý, œi *að* œ: spár, heyr, flýr, flœr, 1. *og* 2. *pers. í framsöguh. núl. tíma af sögnunum* spá, heyja, flýja, flœja; *o. s. frv.* — *Sömuleiðis verður* èi *að* è: sè, sèr, sèm, sèt, *eða* sèð, *afleiðíngarh. núl. tíma af* vësa *eða* vëra.

Fjórða og fimmta hljóðfall eru bæði hvikulli og yfirgripsminni, enn hin þrjú: trúum, búum, snúum *munu vera fullt eins tíðkanleg og* trúm, búm, snúm; nái, náir *er eint. framsöguháttar í núl. tíma af* ná; nái, sái *eru þol. fleirt. af nöfnunum* nár, sár; spá, heyja, flýja, flœja *hafa* spái, spáir, spáim, spáit, heyi, heyir, heyim, heyit, flýi, flýir, flýim, flýit, flœi, flœir, flœim, flœit *í afleiðíngarh. núl. tíma; og þvíumlíkt.*

Ath. 1. *Stundum finnst* ꝏ-*hljóðið ritað fyrir aptan* á, *t. a. m.* hınır fáo (= fá, *pauci*) 619 *á* 3₁₂; ꝼaom (= fám, *paucis*) *Sks.* 89*b*₂₀, 115*a*₂₁; ráóm (Slagbrandar gořpır aꝼ longū ráóm ⁊ þung-

---

17) til þín, þess, er vèr trúm á.

*) *Á sama hátt er myndaður eig. eint.* frú, *eins og gjör. væri* frúa; *sb. Fraue á forneskjulegri þjóðversku (O Venus schöne Fraue mein!) og Frue á dönsku, með heyranlegt e í niðurlayinu (Hr. N. og Frue). Í* 325 (2) *á* 96₁ *(Fms. X,* 421₈*) stendur:* frꝏva (ꝏ = ú? *eða* = ó *f.* ú?).

um[18]) *Sks.* 80*b*29; ef v fóō ꝰ hevrþō[19] 677 *á* 20*35*. *En þó er líklegt, að skýrt* u *eða* o *hafi ekki heyrzt fyrir aptan* á, *heldur sje meir ritað eptir uppruna enn framburði, eða* ao *(þar sem það er) merki* á *(sb. 14. §), en alls ekki* áu. — *Í Sks.* 105*b*19 *stendur* roar (lǫẏnılıghar roar hælpıtıſ ꝼẏlsna[20]) *þar sem von var á* ror *eða* rór = rár (*f.* ráar); *en það bendir til, að sá, sem bókina ritaði, hafi nefnt* ó, *en ekki* á, *í* roar, *eins og skrifað stendur.*

Ath. 2. *Auk þeirra hljóðfalla, sem talin eru, finnst t. a. m.* fræ *Sks.* 67*b neðst* (þpı at ꝥ er þa ſaet mæð hıno mæſta oaranſ ꝼræ. oc uꝼrıðar koꝛnı[21]); *sömuleiðis* sæ *Sks.* 33*a*14 (er ħ ſæ[22]), 138*b*22 (æꝼ ħ ſæ æıgı þar braðan ðauða ſer buın̄ ꝩæra[23]), *El.* 61*8* (Sva ſē kon̄gr ſę ſıukan lıggıa íſaure & lete þua ħ & lauga[24]).

---

18) Slagbrandar gōrvir af löngum ráum (*e.* rám) ok þungum. 19) es vèr sóum (*f.* sáum, sám) ok heyrðum. 20) leyniligar róar (*f.* rár) helvítis fylsna (*f.* fylgsna). 21) því at þat er þá sáit með hinu mesta óárans fræ (*f.* fræi *e.* frævi) ok úfriðar korni. 22) er hann sæ (*f.* sæi; *qui eum videret*). 23) ef hann sæ (*f.* sæi) eigi þar bráðan dauða sèr búinn vera. 24) Svá sem konungr sæ (*f* sæi) sjúkan liggja í sauri ok lèti þvá hann ok lauga.

UM SAMHLJOÐENDUR.

27. *Samhljóðendum má skipa í raðir á þessa leið:*

einfaldir stafir:
- *hljóðstafa-bræður (semivocales):* j, v,
- *andstafur (spirans):* h,
- *blísturstafir (sibilantes):* s, z,
- *linir stafir (liquidae):* l, r, n, m,
- *dumbar (mutae):* k, g, t, d, ð, þ, p, b, f,

samsettur stafur: x.

Hjer að auk greinast samhljóðendurnir eptir talfærunum í

gómstafi (palatales): k, g, j, h, } x,
tannstafi (dentales): t, d, ð, þ, s, z, l, r, n, } x,
varastafi (labiales): p, b, f, v, m.

28. j *og* i *eru ekki greind í ritshættinum, og er stafurinn* j *sjaldan við hafður, nema fyrir aptan* ı, *helzt í enda á latínsku orði, t. a. m.* A ðaꝫgō arkaðíj honoꝛíj[25] 623 *á* 54 19, *ellegar aptast í rómverskri tölu, t. a. m.* vıȷ, xıȷȷ. — *það er víða við haft, þar sem því er sleppt nú á dögum, fyrir aptan* k *og* g, *ef* a *eða* u *fer á eptir, eins og* bjargja *f.* bjarga (lattv þ ſoma at bıargıa hō[26] 623 *á* 50 9), íallre pırðıngıo[27]

25) Á dögum Arcadii ok Honorii. 26) láttu þèr sóma at bjargja hánum. 27) í allri virðingju (*f.* virðingu).

649 *á* 95₅; *en þó sjer í lagi í einkunnum, t. a. m.* en fatekıa kona[28] 623 *á* 43₅, fatękıō monnō[29] 623 *á* 20₂₂, fecıā[30] 677 *á* 57₃₇, fekıā[30] 677 *á* 57₃₉, ſvſtor knvtſ rıkıa[31] 325 (2) *á* 58₃, Oſtýrcıa hlutı heīſ þeſſa valþı Gvþ en ħ ręcþı ſtercıa[32] 677 *á* 30₂, veıta ǫng varkuɴ oſtýrcıō[33] 677 *á* 33₂₇, oſtvrcıō[34] 677 *á* 43₂₄ *og* 72₁₃, ħ fǫrer ǫret þæccıa foꝛn guðı[35] 649 *á* 5₂₆, ſamþýckıar[36] *Sks.* 143*b*₂₄; hrſo nálęgıar fiāða velar ero hugſcotō oꝛū[37] 677 *á* 55₂₆, ſlǫḡ mþ ſlǫgıō. ⁊ otruıꝛ mþ otū[38] 677 *á* 70₄, fęrþı ħ hellðꝛ foꝛn þegıar almátkō goþō varō[39] 623 *á* 12₆. *Á hinn bóginn er* j *sumstaðar úr fellt, líkt og nú á dögum í framburði Rángæinga, t. a. m.* ſvıka[40] *Al.* 60₃₁, t elðſ qǫco[41] 677 *á* 77₂₀, kırkoꝛ[42] 623 *á* 14₂₂, kýna *Sks.* 106*b*₇ (Sæghı ec ſunðꝛ ſætt mıllım þın oc allra mañlıgꝛa kýna[43]), af naᴣþſvnō[44] 677 *á* 75₃₅,

28) en fátækja kona. 29) fátækjum mönnum. 30) sekjan. 31) systur Knúts ríkja. 32) Óstyrkja hluti heims þessa valði guð, en hann rækði (*þ. e. gerði ræka*) sterkja. 33) veita öngva várkunn óstyrkjum. 34) óstyrkjum. 35) hann fœrir œrit þekkja fórn guði. 36) samþykkjar. 37) hversu nálægjar fjanda vèlar eru hugskotum orum (*e.* órum; *f.* várum). 38) slœgir með slœgjum ok ótrúir með ótrúum. 39) fœrði hann heldr fórnir þægjar almáttkum goðum várum. 40) svíka (= svíkja). 41) til elds-kveyku (= kveykju). 42) kirkur (= kirkjur). 43) Segi ek sundr sætt millim þín ok allra mannligra kyna (= kynja). 44) af nauðsynum (= nauðsynjum).

at ſvna þes eſ v̄ erō beþn[45] 677 *á* 26₃₄, ſcıpperō[46] 673 *A á* 45₇, mon eldr ſuelga þa[47] *El.* 41₇, nıþr at ſvelga[48] 645 *á* 14₁₉, at leıga s̄ heſt[49] 677 *á* 49₂₃, þæır næıgaſc hƿergı fra rettū dóme[50] 649 *á* 135₅, at lıkaz þæım í ſıðum[51] 649 *á* 147₂₆, ſıta[52] *El.* 37₄.

Ath. 1. j *er opt skrifað* e, *eins og á eingilsaxn., t. a. m.* meok 623 *á* 43₁ (En þr meððoſc meok* er bǫꝛþo blasıō[53]), earl (= jarl), *og þvíumlíkt.* (ıy = j: ⁊ lıýugū lýtū á annan á móte[54] 649 *á* 76₂₅).

Ath. 2. *Þó vera megi, að* j *fyrir aptan* k *og* g, *en framan* e (*og* ei, ey), i, í, y, ý, æ, œ *sje ekki upphaflegt í norrœnu-máli, þá hefur að minnsta kosti snemma farið að brydda á þessum framburði, eptir því sem ráða er af ýmsum fornbókum, t. a. m.* 649. *Á þeirri er* j *sett:*

1) *víða fyrir framan* e, *ekki einúngis í þeim orðum, er aðrar myndir þeirra og önnur lík orð*

---

45) at syna (= synja) þess, es vèr erum beðnir. 46) skipverum (= skipverjum). 47) mun eldr svelga (= svelgja) þá. 48) niðr at svelga (*f.* svelgja). 49) at leiga (*nú* leigja) sèr hest. 50) þeir neigask (= neigjask *f.* hneigjask) hvergi frá rèttum dómi. 51) at líkaz (= líkjaz *f.* líkjask) þeim í siðum. 52) sita (= sitja). 53) En þeir mœddusk mjök, er börðu Blasium. 54) ok ljúgum lýtum á annan á móti.

*) mek *á* 40₂₆ (⁊ qvalþıſc h° mek af ſott ſveınſınſ) *mundi vera misskrifað f.* meok.

benda til, að svo eigi að rita, t. a. m. eptır-lıkıendr (*beint fall í fleirt. af* eptirlíkjandi) 48$_{13}$ *og* eptır lıkıenðr 50$_{13}$ (*en þó* eptır lıkenðr 79$_{23}$), bergıenðr (*beint fall í fleirt. af* bergjandi) 82$_{19}$, tøygıenðr (*beint fall í fleirt. af* töygjandi, *f.* tý-jandi *e.* tœjandi) 149$_{9}$, (*eins og* ſtýnıenðr 57$_{27}$), *sömul.* hýggıenðı[55] 156$_{16}$ *og* 157$_{17}$, hýggıænðı[55] 27*neðst*, hýggıænðe[55] 1$_{27,28}$ (1$_{27}$ *fyrst ritað* hýggıanðe, *en síðan sett auga á* a); *heldur einnig í öðrum orðum:* kıænnanða[56] 4$_{14}$, kıænnīg[57] 160$_{11}$, gıefum[58] 76$_{29}$, ſpa ſem pallar pæıta høgıenðe ſıtıanðū[59] 95$_{8}$, gıængr[60] 157$_{28}$, gıærð[61] 15$_{8}$, (olmoſo gıærð[62]), 40$_{16}$ (af gıærð[63]), 62$_{4}$ (tıða gıærð[64]), goð gıærnıng[65] 5$_{10}$, gıærnıngū[66] 157$_{15}$, mıſ gıærnıngar[67] 158$_{7}$, mıſgıærnıngar[67] 158$_{9,10}$, mıſgıærnīgar[67] 159$_{8}$, í gıægn[68] 6$_{16}$, 20$_{16}$, 27$_{18}$;

2) *fyrir framan æ-hljóðið:* ſpa ſem ħ gıæter

---

55) hyggjendi (h *og* ý *dregin saman* 156$_{16}$ *og* 157$_{17}$, *kvennk.* = hyggjandi). 56) kjennanda (*f.* kennanda). 57) kjenning (*f.* kenning). 58) gjefum (*f.* gefum). 59) svá sem pallar veita hœgjendi (*f.* hœgendi) sitjandum. 60) gjengr (*f.* gengr). 61) gjerð (*f.* gerð). 62) ölmusugjerð (*f.* öl-musugerð). 63) afgjerð (*f.* afgerð). 64) tíðagjerð (*f.* tíða-gerð). 65) góðgjerning (*f.* góðgerning). 66) gjerningum (*f.* gerningum). 67) misgjerningar (*f.* misgerningar). 68) í gjegn (*f.* gegn).

ængla ſınna á hīnum. Gıæte ſpa pár at pér megē þ gera[69] 157 s;

3) *fyrir framan* i, *þegar* e *er ritað i stað þess:* hyggıū át ef per lıkıē í nocque æſt hs ⁊ þolenmøðe[70] 43*neðst*, uſømt er at pér lıggıem lágt í ıarðlegum lutum[71] 82 8, at pér..... byrgıē utı allar lıotar hugrennıngar[72] 96 28; *en að rita* lıkıım, *og þvíumlíkt, hefur þótt óviðkunnanlegt.*

Þegar a *er sett fyrir* e, *og* á *fyrir* æ, *breytist* gëfa *i* gjafa (h..... pıll os þ gıafa[73] 649 *á* 76 3, at fyr gıafa 649 *á* 44 26 = at fyrgëfa), *en ekki* gafa; gæta *i* gjáta (*skrifað* gıata 649 *á* 34 19 *og neðst,* 96 24, 156 8), *en ekki i* gáta; gær *i* gjár (þat var í gjár), *en ekki i* gár; *og bendir þetta einnig til, að menn hafi sagt* gjefa, gjæta, í gjær, *o. s. frv.*

Ath. 3. *Hjer við má sambera* 19. § *um* è. — *Stundum er* j *ofsett fyrir framan* æ, *t. a. m.* þa verða bıæðı proðvct í hínvm ſavmum hlvt ꝑavllvm meðal

---

69) svá sem hann gjætir (*f.* gætir) engla sinna á himnum. Gjæti (*f.* gæti) svá vár, at vèr megim þat gera. 70) hyggjum át (*sb.* 296), ef vèr líkjem (*f.* líkim) í nökkvi (*þ. e. nokkru*) ást hans ok þolinmœði. 71) úsœmt er, at vèr liggjem (*f.* liggim) lágt í jarðlegum lutum. 72) at vèr..... byrgjem (*f.* byrgim) úti allar ljótar hugrenningar. 73) hann..... vill oss þat gjafa.

ſin ſem hınar fẏrı tavlvr[74] 732 *B á* 8₁₆, pınıngar vıættı[75] 732 *B á* 13₂.

Ath. 4. *Forn handrit fella* j *ekki óvíða úr í meginhlutum orða, t. a. m.* ꝼoꝛar[76] 625 *á* 1₄, A ꝼor ða. ð.[77] 625 *á* 2₁, ſtoꝛnvr[78] 625 *á* 2₂, at ꝼralſv[79] 625 *á* 20₁₃. — smör (= smjör) *í norrænum bókum og t. a. m. einu sinni í* 625 (v ſmorſ kvıſt[80] 9₃) *er sjálfsagt ritað eptir framburði; sb.* Smör *á. d.* — *Stundum hefur ritarinn fyrst fellt* j *úr, en ritað það síðan fyrir ofan línuna:* h vıllðı e gvðı lẏþa oc þ,ona[81] 625 *á* 2₁₁, *o. s. frv.*

29. v *er í sama hlutfalli við* u, *og* j *við* i (i: j = u: v); *enda er* v *ekki greint fra* u *í stafsetningunni, heldur enn* j *frá* i. *Það er haft, fram yfir það sem nú er:*

1) *stundum fyrir framan* u, — *eða* o, *sem er í staðinn fyrir* u, *t. a. m. í Sks.:* uurðu (= vurðu, *þ. e. urðu, af* verða) 115*b*₁₈,₁₉, 119*a*₂, *b*₆; uultu 115*b*₁₁ *og* uulltu 115*b*₁₄ (= vultu, *þ. e. ultu, af* vëlta); polltıt (= voltið, *hluttekningarorð af* vëlta) 116*b neðst;*

74) þá verða bjæði (*f.* bæði) prodúkt í hinum sömum hlutföllum meðal sín, sem hinar fyrri tölur. 75) píningarvjætti (*f.* vætti). 76) *f.* fjórar. 77) *f.* Á fjórða degi. 78) *f.* stjörnur. 79) *f.* at frjálsu. 80) viðsmörskvist. 81) hann vildi ekki guði lýða ok þjóna.

2) *í þiggj. eint. af ýmsum kynlausum og karlkenndum orðum, eins og:* skrökvi (þpı ſcrøcpı bıðr ħ ta[82] 649 *á* 123[21]), höggvi (*þ. e. höggi*), ölvi[1], fjörvi, smjörvi[2], kjötvi[3], söngvi[4], hjörvi[5], heyvi[6], sævi[7], snjávi[8]; *og hafa mörg af þeim* ö *í stofninum, af því þar hefur verið* a *öndverðlega.*

3) *í sögnum, milli endíngar og meginhluta:*

a) fyrir j, *þar sem endíngin er eða byrjar á* a, *t. a. m.* smýrva *f.* smyrja (ſmýrva met vıþſmıoꝛvı[83] 623 *á* 4[10]), syngva *f.* syngja (ꝫ baþ þa ſýngva ſalma[84] 677 *á* 78*neðst*), tortrýggva *f.* tortryggja (ꝫcal ec, allðꝛégı toꝛtrýgva mat ħſ[85] 623 *á* 48[14]), þāt þegar

82) því skrökvi (*þ. e. því skröki, þeirri skreytni*) biðr hann trúa. 83) smyrva með viðsmjörvi. 84) ok bað þá syngva sálma. 85) ok skal ek aldregi tortryggva mátt hans.

[1]) ölvi bergja
lèzku eigi mundu,
nema okkr væri báðum borit, *í Ægisdr.*

[2]) ſmýrva met vıþſmıoꝛvı, 623 *á* 1[10].

[3]) *T. a. m. í Kristinrjetti Þorláks og Ketils.*

[4]) Hvarf ek frá fögrum
fljóða söngvı, *í Herv. sögu;*
meþ ðýrþ ꝫ loꝼſǫngvı, 623 *á* 57[13].

[5]) hjuggu vèr með hjörvi, *í Ragnars kviðu loðbrókar.*

[6]) *T. a. m. í Grágás.*

[7]) hræs er kemr at sævi, *Ísll. ss.* (1843) 162.

[8]) ſnıavı hvtari, 623 *á* 3[17].

ſcẏggna necqr ſynþa myrkr anðár lioſ[86]. *El.* 479, þ..... er gvð ſtẏgvız v[87] 625 *á* 6615, byggva *f.* byggja, ſpıcpa[88] *f.* svíkja 619 *á* 2827, vıqua[89] *f.* víkja 325 (2) *á* 7610, *o. s. frv.*

b) þar sem endíngin er i, *eins og:* byggvi, byggvir, byggvim, byggvit (Sa er bẏcv í ęnom hæſta tęnaþı[90] 623 *á* 3015, *o. s. frv.*), hryggvi, hryggvir, hryggvim, hryggvit (Fagnı s ſē n̄ fagnı ſa er s gleþſc ıþeſſa hēıſ farſęlō at avalt hrẏgvı ſoꝛſıalıg ahvcıa eılıf-pıſla[91] 677 *á* 3216-17), með þpı ſpıcpır h̄ fleſta mēn[92] 619 *á* 3314 (*sb.* ſnıðır[93] = sníðr 619 *á* 5618) *og* ſıanðan..... er aðā hafðc ſpıqt[94] 619 *á* 63*neðst, og* ſpıcpın (= svikinn, *hlutt**ekn.***) 619 *á* 1241,10. *Stundum er* v *fellt úr, eins og* j, *t. a. m.* hogga (*þ. e.* höggva) *Sks.* 150*a*25,28.

4) *einnig í öðrum orðum, t. a. m.:* at bnna þa alla qpıcpa í ældı[95] 619 *á* 10112.

---

86) því at þegar skyggva (*þ. e. skyggja á*) nekkver synða myrkr andar ljós. 87) þat..... er guð styggviz (*nú styggist*) við. 88) svíkva. 89) víkva. 90) sá, er byggvir í enum hæsta tœnaði (tœnaðr *af* tœja = týja, *þ. e. duga, hjálpa*). 91) Fagni (*misskrifað fyrir* Fagnar?) svá sem non (*þ. e.* ekki) fagni sá er svá gleðsk í þessa heims farsælum, at ávallt hryggvi forsjálig (*af* forsjá, *en ekki af* forsjál-l) áhyggja eilífra písla. 92) með því svíkvir (= svíkr) hann flesta menn. 93) sníðir. 94) fjandann..... er Adám haíði svikvit (*þ. e. er hafði svikið Adam*). 95) at brenna þá alla kvikva (*þ. e.* kvika) í eldi.

Ath. 1. *Sjaldan er auka-v sett inn í orð fyrir framan u, eins og:* at guð halðe off pæl pið ðiafulf fpıcpū[96] 619 *á* 160₂₅.

Ath. 2. w *fyrir* v *finnst jafnvel í elztu bókum, t. a. m. á einni saman fyrstu bls. af* 655 *Fragm.* vııı: werke[97], í wínftre hẹ́nðe[98], wǫ́rtueggıo[99], waf[300] *tvisvar,* wẹre[1] *þrisvar,* we[1], wıþ[2] *tvisvar,* ẹ́we[3].

30. *Í hinum elztu bókum finnst* h *sumstaðar í upphafi orða, yfir það fram, sem nú tíðkast,* 1) *fyrir framan raddarstafi:* höfugr = öfugr (Ðu g⁷ðır alt hofuct fem hīn ıllı þrǽl gerır er fpícr fın droten[4] 619 *á* 152₅), hallr = allr (Nu taka þeır ħ hāðnðū. berıa ⁊ bøýfta ⁊ læıca hallzcoftar ılla. lea honū lıfs átpáro nauðulega[5] 619 *á* 119₇, *nema ef gleymzt hefur að setja stryk yfir um* h, *og hjer hefur átt að standa*

---

96) at (*eða* át = at, *af því bókin mun vera norræn*) guð haldi oss vel við djafuls (= djöfuls) svikvum (*f.* svikum). 97) verki (*opere*). 98) í vinstri hendi. 99) hvártveggju. 300) vas (*þ. e.* var, *erat*). 1) væri (*esset*). 2) við (*fyrirsetn.*). 3) (ævi *f.*) æfi. 4) Ðú (*f.* þú) gerðir allt höfugt, sem hinn illi þræll gerir, er svíkr sinn drottin. 5) Nú taka þeir hann höndum, berja ok böysta (*þ.* e. beysta, *lemja*) ok leika hallskostar illa, lea (*þ. e.* ljá)honum lífs átváru (*f.* át hváru *eða* at hváru, *þ. e. þó, samt sem áður*) nauðulega.

ħ allzcoſtar), hugga = ugga (Hırð æıgı þu at hugga ſcaða[6] 649 *á* 15_{18}, Tıl hꝩærſ mon ec lıta nema tıl lıtıllát ⁊ hugꝩærſ. ⁊ þeſ er huggır orð mín[7] 649 *á* 8_{9}, Hꝩat dꝩælr þu ſẏnðugr at ſnuaſc tıl guðſ. ⁊ æıgı huggır þu at brað dauðı gꝩı fra þer læıðrettıngar dag[8] 649 *á* 12_{9}, þæī er hugganða at ħ falle í falz dóm[9] 649 *á* 13_{5}), hýmiss = ýmiss (hugrennıngar þær er bera hugen í hımſa ſtaðe[10] 649 *á* 54_{14}), hilmr = ilmr (keɴa reykelſeſ hılm[11] *El.* 53_{3}, ſogr líoð. ⁊ ðýrlegan hılm[12] 649 *á* 28_{25}, Eılífr hílmr[13] 649 *á* 28_{23}) *og* hirmr (*Sks.* $129a_{29}$: mın ꝼœzla þæꝼıar bætr hværıū hırm[14]), hılmnīg[15] *El.* 20_{3}, hefna = efna (Nu hæꝼır guð þ hæꝼnt er ħ hæꝼır heıtıt[16] *Sks.* $147a_{6}$, oc het þꝩı þægar ſæm ħ hæmnðı ſıðan[17]

---

6) Hirð eigi þú at hugga (*þ. e. óttast*, *kvíða*) skaða. 7) Til hvers mon ek líta, nema til lítilláts ok hugværs (*nú* hógværs) ok þess er huggir (*þ. e. óttast*) orð mín? 8) Hvat dvelr þú, syndugr! at snúask til guðs? ok eigi huggir þú, at bráðdauði grípi frá þèr leiðrèttingardag! 9) þeim er hugganda, at hann falli í fallsdóm. 10) hugrenningar þær, er bera huginn í hýmsa staði. 11) kenna reykelsis hilm. 12) fögr ljóð (*f.* hljóð) ok dýrlegan (*af* dýr-r, *dýrmœtur; nú segja menn* dýrðlegur) hilm. 13) Eilífr hilmr. 14) mín fœzla þefjar betr hverjum hirm. 15) hilmning (*olfactum*). 16) Nú hefir guð þat hefnt, er hann hefir heitit (*betra er* heitið). 17) ok hèt því þegar, sem hann hemnði (= hefndi, *f.* efndi) síðan.

Sks. 140*a*8), meðan mer herō í þeſſom hæım[18] 619 *á* 354, Herasmus *f.* Erasmus *t. a. m.* 655 *Fragm. V*, helıſabeth (619 *á* 10423 *og* 1056,8) *f.* elıſabeth (619 *á* 10415 *og* 10512); *sb. latínska orðið* ***honus*** *f.* ***onus*** (Jugū enī meū ſuaue ē. ⁊ hon⁊ m̄. ł.[19] 619 *á* 28. *bls. neðanmáls*); Oc er lıðın v̊ navckvr mıſſerı o har-annſ þa kōv bræðr ıo ſepſ[20] 625 *á* 1814. 2) ***Fyrir framan hljóðstafabræður:*** hjafn *f.* jafn (ſpa ſem ollū er ıamt boðat ſæla rıkıſ guðſ. ſpa lẏcſ ⁊ uþ ınganga hımın rıkıſ hıāt hpærıū á ſınu ⁊ alðre ⁊ kẏnı[21] 619 *á* 298), hjörð *f.* jörð (drægū orða plog guðs..... ẏfır hugſcotz hıorð nænga þarra[22] 619 *á* 47*neðst*). 3) ***Fyrir framan lina stafi:*** hrót = rót, hrammr = rammr*. — ***Á hinn bóginn er*** h ***optlega sleppt:*** 1) ***fyrir framan*** r, l, n, *(ekki samt í hinum allra elztu bókum)*, *t. a. m.* rafn = hrafn; lıꝼðar, *eig. eint. af* hlífð,

18) meðan mèr (*f.* vèr) herum (*f.* erum) í þessum heimi. 19) *Jugum enim meum suave est et honus meum leve* (*því mitt ok er sætt og min byrði ljett*). 20) Ok er liðin váru nökkur misseri óhárans (*f.* óárans), þá komu brœðr Jóseps. 21) svá sem öllum er jamt (= jafnt) boðat (*þ. e.* boðuð) sæla ríkis guðs, svá lýks (*f.* lýksk) ok upp innganga himinríkis hjamt hverjum á sínu ok aldri ok kyni (*latinuskotið:* ok — ok = *et* — *et*). 22) drögum orða-plóg guðs..... yfir hugskots-hjörð nánga várra.

*) *Nú á dögum segja menn opt* hniðra *f.* niðra (*af* niður); *sb.* hnaskur *og* naskur, hnesla *og* nesla.

Al. 22*17*; neıg *Sks.* 103*a11* (ꝫneıg mẏkell ꝼıolðı ængla tıl h̄s[23]), at nıgan̄ða ðæge[24] *Sks.* 8*a19*; Saum þarꝼtu oc mẏken̄..... hvartþæggıa ræcſoum oc noð-ſaum[25] *Sks.* 6*a16**; 2) *i upphafi greinisins:* inn, in, it, *o. s. frv., eða* ënn, ën, ët, *o. s. frv., f.* hinn, hin, hit, *o. s. frv., ef* inn, in, it, *o. s. frv., er ekki eldra, og* h *sett framan við;* 3) *stundum i upphafi annara orða, einkum ef þau verða stödd fyrir aptan samhljóðanda, sem aptari liður i samsettu orði, t. a. m.:* opa (*f.* hopa) *i Guðmundarsögu á Resensbók,* af (*f.* haf, *mare*) 655 *Fragm. XVII á* 2*5* (ꝼyr noꝛðaſ aꝼ[26]), Sıþan let h̄ brıota ofıt ꝫ goꝛa þar kıᵉo anðaſ pl̄a ıſtaþnō[27] 677 *á* 51*39*, eꝼ h̄ eꝼðı þrec tıl[28] 625 *á* 94*15*, er ıarn

---

23) ok neig mykill fjölði engla til hans. 24) at níganda degi. 25) Saum þarftu ok mykinn,..... hvárttveggja rek-saum og noðsaum. 26) fyr norðan af. 27) Síðan lèt hann brjóta ofit (*f.* hofit; *eða misritað f.* ofan hofit?) ok göra þar kirkju Andreas postula í staðnum. 28) ef hann efði (*f.* hefði) þrek til.

*) *Við ber, að* h *fyrir framan þessa stafi hefur verið fellt niður að fullu og öllu, og er t. a. m.* ljóð (*þ. e. kveðskapur*) *i raun og veru ekki annað, enn* hljóð, *sem er haft um skáldskap i fornum kvæðum og heldur enn þeirri merkingu i orðinu* hljóðstafur; leyti (at sinv leẏtı 625 *á* 88*10*) *er líklega f.* hleyti (*þ. e. hlutur*) *af* hlaut (*þál. tið af* hljóta), *eins og* neyti (*t. a. m. i* föruneyti) *af* naut (*þál. tið af* njóta), skeyti *af* skaut (*þál. tið af* skjóta).

renð ı eptıſ[29] 677 *á* 79$_{37}$, ıoıð (*f.* hjörð) 655 ***Fragm. XVI B á*** 2$_{14}$ *(en á sama stað í 46. línu er fyrst ritað* ıarþar — *f.* hjarðar — *en síðan sett* h *fyrir ofan)*, varſ *(eins og í framburði Eydana nú á dögum)* ***Plac.*** 40 (2$_{20}$ *á bókf.*), umbueruıſ* ***Plac.*** 49 (9$_{11}$ *á bókf.*), Cherubín eſ engla varþalð[30] *El.* 29$_{16}$, (*sb.* álfa = hálfa).

31. *Um* s *er athugandi: 1) að það er víða tvöfalt í niðurlagi orða, bæði þar sem það stendur í staðinn fyrir* s + r *og á að vera tvöfalt, t. a. m.* íss, fúss, ríss, less, *f.* ís + r, fús + r, rís + r, les + r, *og líka stundum þar sem það ætti að vera einfalt, t. a. m.* hirðiss, víðiss, fœðiss, upp-heldiss, búss (*eig. af* bú); 2) *að* ss *er á stundum ritað* rs, *t. a. m.* ꜵngvl ſa eṅ hvarſı[31] 623 *á* 3$_{20}$, fors, *(eins og* rs *er á hinn bóginn stundum skrifað* ss, *t. a. m.* hvæſſo *f.* hversu *Sks.* 5*a*$_{22}$, 10*a neðst, b*$_{27}$, — *en þó* hværſo *Sks.* 33*b neðst)*; 3) *eig. af nafninu* Kristr *er í sumum bókum* (cſt *á að gizka hjer um bil* 130 *sinnum í* 649) *mjög víða ritaður svo, að seinna essinu er sleppt; sömuleiðis eig. af* guð, *t. a. m.* gvð bavð

---

29) er járn renndi til eptis (*f.* heptis, *þ. e. skapts*).
30) Cherubin (*f.* Cherubim) es engla varðald (*f.* varðhald).
31) öngull sá enn hvarsi (*f.* hvassi).
*) *þannig* (*en ekki* umbuervis).

hm þ erendı at h ferı t fvndar v pharao kg ſegðı hm þav gvð orð at..... En kr vıllðı e lyða gvð orðv þa gþı ın helgı Moyſeſ morg ſtorvkı afgvð kraptı[32] 625 *á* 20₁₁₋₁₆; *sb.* 48. §, *niðurlag og ath.*

Ath. *Lángt ess* (ſ) *er miklu tíðkanlegra á skinnbókum, enn stutt ess* (s). *Stundum er* c *haft fyrir* s; *sjá ath. við* 37. §.

32. z *tíðkast:*

1) *fyrir tómt* s, *eins og:* fullz (*eig. eint. af* full-t) *Al.* 28₁₅;

2) *fyrir* s, *þar sem einhverju* (*einkanlega* d, ð, t) *er sleppt á undan, eins og:* lanzenſ (*f.* landsins) *Al.* 27₄, íslenzkr *f.* íslendskr, breiðfirzkr *f.* breiðfirðskr, ágæztr *f.* ágætstr, þa leþı h hō heſtſ þes eſ h atı hogſęztā[33] 677 *á* 49₂₄, síðazt *líklega f.* síðarst;

3) *þar sem nú eru nefnd tvö* s, *eins og:* Gizurr, bleza (*nú skrifað og talað* blessa; *en á eingilsaxn.* bletsıan, *sb.* bletzon 623 *á* 18₇); *sjaldan er* z *tvöfölduð, t. a. m.* blezzoþ *El.* 45₃;

---

32) guð bauð hánum þat erendi, at hann fœri til fundar við Pharao konung ok segðı hánum þau guð orð, at..... En konungr vildi ekki lýða guð orðum; þá gerði inn helgi Moyses mörg stórvirki af guð krapti. *Þó er til, að orðin sjeu hjer samsett:* guðorð, guðkraptr; *á sama stað í* 17. *línu stendur* gvðſ ſolk. 33) þá lèði hann hánum hests þess, es hann átti hógsæztan (hógsætr, *þýður*).

4) *fyrir tvöfalt* s, *sem er svo til komið, að einhverju hefur verið sleppt fyrir framan einfalt* s, *eins og:* vaz (*bæði f.* vátts, *af* váttr, *og* vatns);

5) *þar sem vjer höfum* st, *en elztu skinnbækur* sk (sc) — *í þolbreytingu sagna —, hefur allur þorri skinnbókanna* z.

Ekki mun það vera orsakalaust, að z *er við höfð í norrænu stafrofi, heldur mun atkvæði hennar — þar sem hún er ekki sett fyrir tómt* s *(eins og t. a. m. í* fullz) — *hafa verið nokkru óskýrra og loðnara, enn* s, *og nokkuð svipað þeim tannstöfum, sem dumbar eru. Þykir sem þetta megi þar af ráða, að* þ, þz, þs, tþ, tþs, sþ, *(og jafnvel* t? 39. § *í* 2. *ath.), er allt, hvað um sig, haft fyrir* z; *sb.* 2. *ath. við* 41. §.

33. *Stafurinn* r *(sem opt er ritaður* ꝛ, *einkum þegar næsti stafur á undan hefur búngu aptan til), í endingum orða, er nákvæmlega greindur frá samstöfunni* ur *í hinum eldri skinnbókum, svo að* ur *er einúngis haft í gjör. og þol. fleirt. af kvennkynsorðum, sem hafa* a *að niðurlagi í gjör. eint., t. a. m. í* tungur, götur, *þar að auk í* sumur (*gjör. og þol. fleirt. af* sumar), þiður, kögur, tötur, jöfur, fjötur (*þol. eint. af* þiðurr, kögurr, töturr, jöfurr, fjöturr), móður, bróður, föður, systur *(þol., þiggj. og eig. eint. af* móðir, bróðir, faðir, systir), önnur (*af* annar-r), öldur-maðr

(*sb.* ealdor-man *á eingilsaxn.*), klöppur-nes*, ógurlig-r,-,-t, ömurlig-r,-,-t,** snöfurlig-r,-,-t, vafurleysa (*í ÁM.* 132) *f.* vöfurleysa?, mösur (mösurtrè, mösurbolli, mösurker, mösurskálir), *o. s. frv.*

Ath. Skinnbókin 623 *er líka (s.* 1. *ath. við* 23. §) *í þessu efni frábrugðin öðrum skinnbókum****, og hefur:*

1) ur *f.* r: faꝛgnoþoꝛ[34] 23₂₀; fonoꝛ[35] 17₈,₁₁, 36₃, 53₁₁; vɪɴoꝛ 54₁₅ (Sa ẏþvar e⁷ þesō vɪɴoꝛ beína[36]) ꝺẏrlıgvr[37] 57₁₄;

2) r *f.* ur: gaꝛtr 58₈ (*þol. fleirt. af* gata); moþr 52₂₅ (í gvþſmoþr kkıo garþı[38]); faꝛþr 52₂ (*eig. eint. af* faðir); aꝛɴr 61₂₆ (*gjör. eint. í kvennk. af* annarr, annat); nockríō 50₁₂ (í nockríō hafca

---

34) *f.* fögnuðr. 35) *f.* sonr. 36) Sá yðvar, er þessum vinnr beina. 37) *f.* dýrligr (*þ. e. dýrðlegur*). 38) í guðsmóður kirkjugarði.

*) *Sb.* klapper-sten *á gotlenzku.*

**) *Í Ísll. ss.* (1843) 153 *í vísunni mun ekki eiga að standa* ámorligt, *heldur* amorligt, *þ. e.* amurligt, ömurligt (*af sögn.* ama?); *því í skinnbókinni* 623, *sem ekki hefur* ó *f.* á (*nema örsjaldan*), *stendur á* 1₂₀₋₂₁: ıhreþılıgo ꝺꝛekalıkı ⁊ omoꝛlıgo á allar lvnꝺır (í hræðiligu drekalíki ok ömurligu á allar lundir).

***) *Í Sks.* 143*a*₂₃ *stendur:* at Guð vıllꝺı æıgı bolvaðar oꝼr þıggıa; *en líklega hefur ritarinn haft* fórnir *í huganum, þegar hann skrifaði* bolvaðar, *en sett* oꝼr *af vangá. Á* 159*b*₁₄ *í sömu bók standa bæði orðin saman* (ꝼoꝛa ꝼoꝛnır eða oꝼr). — *Í* 625: angvrſemı 2₉, mẏrkvr (*tenebras*) 66₈.

ſtaꝺr[39]; — *einkanlega þar sem* r *er bundið saman við undanfarandi staf, t. a. m.* moþ *(eig. eint. af* móðir) 52_3, naꝺck *(gjör. eint. í kvennk.)* 61 *neðst. Á einum stað stendur jafnvel* r *fyrir* urr (Eꝼ nauckr vþ fotvm ſıvk[40] 50_{11}), *sem einnig bendir til, að ritari bókarinnar hafi nefnt einfalt* r, *í staðinn fyrir tvöfalt, í enda orðs.*

34. *(Framhald.) Fornmenn hafa: A)* opt *einfalt* r, *þar sem vjer höfum tvöfalt, í upphafi fall-endíngar og miðstigsendíngar einkunna*, þegar meginhluti þeirra endar á breiðum raddarstaf, t. a. m.* blárar, blári, blára *af* blá-; þeirar, þeiri, þeira, *af meginhlutanum* þei (= þá); hæra, hæri, hærum, *miðstig af* há-; *B) tvöfalt* r, *þar sem vjer höfum einfalt: 1) bæði í miðju og niðurlagi orða, ef* r *á að vera tvöfalt, eptir eðli og uppruna þeirra, t. a. m.* verr *(maður, bóndi),* hamarr, eyrr *(nú* eyri), varr *(varkár),* fyrr, verr *(miðstig af* illa), verr (2. *og* 3. *pers. framsöguh. í núl. tíma af* verja), görr (2. *og* 3. *pers. framsöguh. í núl. tíma af* göra), *þar eð öll þessi orð hafa* r *í niðurlagi meginhlutans, sem annað* r *bætist aptan við; sömu-*

---

39) í nokkrjum (*f.* nökkurum) háska staddr. 40) Ef nökkr (*f.* nökkurr) verðr sóttum sjúkr.

*) *Það er að skilja: allra þeirra orða, sem hafa einkunnar-beygíngu.*

leiðis þegar tvöfalt r *er í sjálfum meginhlutanum eins og í* kyrr *(bæði karlk. og kvennk.)*, varrar *(varir á manni)*, harri, *o. s. frv.; 2) þar sem vjer annaðhvort mundum ekki búast við tvöföldu* r — *í miðstigum atviksorða (t. a. m.* framarr) *og þeirra einkunna, er þar af dragast (t. a. m.* framarri, a) —, *ellegar, í sjálfu niðurlagi orða, þar sem það ætti alls ekki að vera, t. a. m.* nárr *(dauður maður)*, hárr *(um vöxt, ritað eins og* hárr, *gráhærður)*, færr (2. *og* 3. *pers. framsöguh. í núl. tíma af* fá), *o. s. frv.*

35. *(Framhald.)* r *fellur stundum aptan af orði:*

1) *fyrir aptan* nn *(með grönnum raddarstaf fyrir framan), einkanlega í* 2. *og* 3. *pers. í framsöguh. núl. tíma af sögnunum* renna *og* brenna (renn *og* brenn *f.* rennr *og* brennr: þa er hım̄ ⁊ ıoꝛþ breɴ[41] 677 *á* 13_{27}, er hugrıɴ bᵉɴ ıþeſſō elðı[42] 677 *á* 19_{35}), *en þó einstaka sinnum í öðrum orðum, t. a. m.* minn (*f.* minnr, *miðstig af* lítt) *Sks.* $144a_{11}$ (oc munðı h̄ þa mın faca ſotten[43]);

2) *fyrir aptan eitt* n, *ekki að eins í* vin *og* sun (*f* vinr *og* sunr), *heldur og í* mun (*f.* munr) *Sks.* $55a_{12}$ (hvı man þa ægı hværıū pıtrū mane þẏckıa

41) þá er himinn ok jörð brenn. 42) er hugrinn brenn í þessum eldi. 43) ok mundi hann þá minn saka sóttin.

mýkell mun un̄ðer þþı pæra atħ ſe íꝼullu ks trauſtı[44]), dyn (*f.* dynr) *Sks.* 28*a*7 (þa heyrız mannū ſæm ðýn mıkell komı[45]), *og jafnvel í einkunna gjörendum, t. a. m.* pan (*f.* vanr, *solitus*) *Sks.* 31*a*9, 46*b*27, 47*a*9, 65*b*6, 131*b*9;

3) *fyrir aptan* l, *einkum í framsöguh. núl. tíma, t. a. m.* hyl *Sks.* 98*b*14-15 (þþı at lımı ocra hýl ækkı. Hýl oll kýckpæn̄ðı har eða harı en ꝼugla hyl ꝼıaðıar. en trıo hýlıa kpıſtır oc lauꝼ[46]), ſkil (*f.* skilr) *Sks.* 46*b*29, 50*a*2; *sb.* pil (= vill, *f.* vilr) *Sks.* 48*b*23, 50*a*23, 65*b*28; — val *Sks.* 39*a*10 (Ual er þar oc mıkell[47]; *sb.* hvıter palır *í* 13. *l.*). *Stundum samlíkist* r *ellinu, þó að grannur hljóðstafur sje á undan, t. a. m.* ſtell (*f.* stelr, *af* stela) *Járns. í þjófab.*, ſell (*af* selja) *Al.* 2915, býll (*af* býlja) *Al.* 179, (*sb.* vill); *sömuleiðis* kjöll (*f.* kjölr) *í Völuspá* (Kjöll ferr austan).

Ath. Ef ſkall þu *Sks.* 49*a*21 *er ekki* = skal þú, *þá er* skall, *hjer og í öðrum eins dæmum, lagað eptir* vill.

44) hví man̄ þá eigi hverjum vitrum manni þykkja mykill mun undir því vera, at hann sè í fullu konungs trausti. 45) þá heyriz mannum sem dyn mikill komi. 46) því at limi okkra hyl ekki (*hylur ekkert*). Hyl öll kykvendi (*kvikindi*) hár eða hari (*f.* hali, *eins og* hirmr *f.* hilmr; *ef* harı *er ekki misskrifað vegna* har), en fugla hyl (h *og* y *dregin saman í einn staf*) fjaðrar, en trjó (*trje*) hylja kvistir ok lauf. 47) val (*f.* valr; *sá fugl er svo heitir*) er þar ok mikill.

4) *það ber líka við, að* r, *fyrir aptan aðra samhljóðendur (enn* l, n, nn), *fellur niður eða samlíkist þeim:* óſtyrcleık[48] *El.* 21 10, Gabel callaſc ſtýrc guðſ[49] 619 *á* 132 26 *og* gabel var ſenðr tıl marıe ſa er callaſc ſtýrc guðſ. Retlega callaſc h̄ ſtýrc guðſ[50] 619 *á* 133 3, hvılıc[51] 619 *á* 3 28, ſveıɴ brvgıo fot[52] 325 (2) *á* 54 7, ſa maþr..... er haralðr hét gıllıcrıſt[53] 325 (2) *á* 90 16, bıart[54] *El.* 3 9, vþ[55] 677 *á* 28 37, Af ǫllu aflc er frıð halðanðe[56] 619 *á* 5 5., ret o:þr ſcal goþ Y[57] 673*A* *á* 21 5, en ðýret tek m̄ɴ[58] 673*A* *á* 2 3; h̄ hafþe hold af ıorþo eɴ bloþ af vatne bloſt af loffte eɴ hıta af elðe[59] *El.* 19 11, íábleſte ſınō[60] *El.* 4 16, Ack ſa erı babılon þa er h̄ frevefc þa leggıaſc ı akrenn flvgvr[61] 673*A* *á* 2 6. *(Í orðunum* þ er merkıanda at tvæır turta

48) óstyrkleik (*f.* óstyrkleikr). 49) Gabríel kallask styrk (*f.* styrkr) guðs. 50) Gabríel var sendr til Mariae, sá er kallask styrk guðs. Rèttlega kallask han styrk guðs. 51) hvílík (*f.* hvílíkr). 52) Sveinn bryggjufót (*f.* bryggjufótr). 53) sá maðr....., er Haraldr hèt, gillikrist (*f.* gillikristr). 54) bjart (*f.* bjartr). 55) verð (*f.* verðr). 56) Af öllu afli er frið (*f.* friðr; *nema ef* er frið haldandi *er = pacem tenendum est*) haldandi. 57) rèttorðr skal góð (*f.* góðr) maðr. 58) en dýrit tek (*f.* tekr) menn. 59) hann *(maðurinn)* hafði hold af jörðu, en blóð af vatni, blóst (ó = á; *nú* blástur) af lopti, en hita af eldi. 60) í áblæsti (*nú* áblæstri) sínum. 61) Akk (*f.* Akr) sá er í Babílon — þá er hann frævisk, þá leggjask í akrinn flugur.

ỿ tpær dufur paro fœrðar fyrır cſtı[62] 649 *á* 65₇ *mun* turta *misritað f.* turtar, *eða talan* tveir *veldur eiganda). Á hinn bóginn er erri sumstaðar ofaukið, einkum aptan eða framan við* ð, *líklega fyrir óskýrleika sakir, af því hljóðin* r *og* ð *eru svipuð hvort öðru og munu hafa verið það enn meir fyrrum (svo þau hafa skipzt hvort í annað, sem síðar segir):* Nu hœ̇ꝛþoþ er bþr ðvrþr lazarı ⁊ pıſl enſ aꝛþga ꝏ[63] 677 *á* 26₂₉, Ef necq̄r ero þaꝛ vc er hegnıq̲ ero vþr[64] 677 *á* 26₃₈, nu er aſtunðına leıþr[65] 325 (2) *á* 60₂₄, ofmetnaðr *(þol. eint. af* ofmetnaðr) 649 *á* 7₂₈ (*en* ofmetnað 8₂), vıð valaþr þa[66] 677 *á* 46₁₉, guðıſ (= guðs, *dei*) *á ísl. skjali* 1352 (*II*, 2) *og öðru* 1358 (*II*, 8) *og þrisvar á þriðja* 1365 (*II*, 14), guðılæıkr (*mannsnafn*) *á norrænu skjali* 1283 (*I*, 5), ufrıðrı 649 *á* 71₁₆ (*f.* úfriði, *mun þó vera misskrifað, eins og* allðrıgrı 126*neðst*—127₁ *í sömu bók*), Frıð mín gef ec ẏrðr[67] 649 *á* 4₁₇, hugr (*í þol. eint.*) 649 *á* 53₅,₆ 123₁₅ (*sb.* ⁊ lẏðū cſtnū bocū ⁊ kennımanna lęrdómr[68] 649 *á* 35₁₂, *f.* lærdómi, *í*

---

62) þat er merkjanda, at tveir turtura eða tvær dúfur váru fœrðar fyrir Kristi. 63) Nú hörðuð (*f.* heyrðut) èr (*þ. e.* þèr), brœðr! dýrðr (*f.* dýrð) Lazari ok písl ens auðga manns. 64) Ef nekkver eru þau verk, er hegningar eru verðr (*f.* verð). 65) nú er á stundina leiðr (*f.* leið; *eða er hjer sleingt saman þál. og núl. tíma?*). 66) við válaðr (*f.* válað, *volæði*) þeira. 67) Frið minn gef ek yðr. 68) ok lýðum kristnum bókum ok kennimanna lærdómr.

þiggj. eint.). ætlar 649 *á* 568 (Ða par ıoſeph ætlar faðer[69]) *mun að sönnu vera ritvilla* (*því á sömu bls. er fjórum sinnum ritað* ætlaðr), *en getur verið sprottin af þeirri orsök, sem fyr er á vikið; sama kyns er:* Oc uar ıarþar íkırkıo þı[70] 325 (2) *á* 7222.

5) *Stundum er* r *sett fyrir heila samstöfu:*

a) fyrir ri: hugrn (*f.* hugrinn) 649 *á* 98 *og* 7316; guðdómrn (*f.* guðdómrinn) 649 *á* 1285;

b) fyrir ir: Ec em goðr hırðr[71] 649 *á* 3721, Ðat mot pærðr er møtaſc ſculu allra māna lıcamr ⁊ ſaloꝛ þæırra at ſømu þa er domadagr er[72] 649 *á* 10014, þa pða all rāſacaðr f hpırflı ⁊ oſan í tær bæð konoꝛ ⁊ carlar[73] 649 *á* 1439, brýtr hon loſto. ⁊ bøtr coſto[74] 649 *á* 7217, Brøðr tpeır páro í pıc æuſtr kýnſtóꝛer mēn ⁊ feaðr pæl[75] 649 *á* 1156, Faðꝛ ⁊ moðꝛ ſkolu raða gıptíngū ðøttra ſıña[76] 322 *á* 47*b*28, *sömuleiðis* faðr (*f.* faðir) 322 *á* 49*b*7*tvisvar*,16,24,26,31, *c*4,7,9,24, *d*4,5,35, 50*a*3,5, moðꝛ (*f.* móðir) 322 *á*

69) Ðá (= þá) var Joseph ætlar faðir. 70) ok var jarðar (*f.* jarðaðr) í kirkju þeiri. 71) Ek em góðr hirðr. 72) Ðat (*f.* þat) mót verðr, er mœtask skulu allra manna líkamr, ok sálur þeirra at sömu, þá er dómadagr er. 73) þá verða allir rannsakaðr frá hvirfli ok ofan í tær, bæði konur ok karlar. 74) brýtr hon löstu ok bœtr kostu. 75) Brœðr tveir váru í Vík austr, kynstórir menn ok fjáðr (*eða* fèaðr?) vel. 76) Faðr ok móðr skolu ráða giptingum dœtra sinna.

47d16, *49b39*, *c2*, *d30*, *50a3,5*, bꝛoðꝛ (*f.* bróðir) 322 *á* *48c6,8*, *49c8*, *50a10,26*, ðottr (*f.* dóttir) 322 *á* *49b13,14*, *c11*, íarðꝛ (*f.* jarðir, *í fleirt. af* jörð) 322 *á* *49b18,21*, *54c24,33*, ſakr (*þol. fleirt., f.* sakir *e.* sakar) 322 *á* *54d35*(?), ꝼrıðheılagr (*f.* friðheilagir) 322 *á* *52b9*, neſtr (*f.* næstir, *proximi*) 322 *á* *48b26*, *51d35*, *52a2*, *b39*, e hẏgnaſtr eru[77] 322 *á* *48b24*, leðꝛ (*f.* lèðir, *commodati*) 322 *á* *47c27*, ſœkr (*f.* sœkir, 3. *pers. eint. í framsöguh. núl. tíma af* sœkja) 322 *á* *51d30* *tvisvar, o. s. frv.; hins vegar finnst líka* ır *e.* er *fyrir tómt* r, *t. a m.* ðœtter (*f.* dœtr, *gjör. fleirt. af* dóttir) 322 *á* *50b1* (*en rjett á eptir, í* 6. *línu á sama dálki:* ðœttr), lenger (*miðstig af* lengi) 322 *á* *48b12*;

c) fyrir ar (*optast nær í eig. eint. af karlkyns-orðum*), *t. a m. í* 619: þes hælga maňz arnaðr oꝛð[78] 118*2* *og* fẏr arnaðr óꝛz ſakar olafs hınſ hælga ǩgs[79] 118*8* (*en ritað* arnaðar[80] *fyrir víst á* 5 *stöðum í sömu bók*); Sa hælðr hotıð hæılag er batnaðr dóme tæcr af atfærð þæırra[81] 50*29*, nema pér dragem noccoꝛ døme tıl várſ batnaðr af eptır lıkıngo þæırra[82] 134*4*;

---

77) er hyggnastr eru. 78) þess helga manns árnaðrorð. 79) fyr árnaðrorðs sakar Ólafs hins helga, konungs. 80) árnaðar. 81) Sá heldr hótíð (ó *f.* á) heilagra, er batnaðr-dœmi tekr af atferð þeirra. 82) nema vèr dragim nökkur dœmi til várs batnaðr af eptirlíkingu þeirra.

Ða frā foꝛ ⁊ fagnaðr ſýn væıtı os ſıalfr droten vár[83] 85₂₅, hvær hafðe honū þau fagnaðr tıðenðe ſagt[84] 88₈, þa monu ver cuma tıl þes hıns halæıta fagnaðr[85] 93₁₁, Hæılagr cs er ſıgr mar guðſ ⁊ lauſnaʀ marc manna. ⁊ fagnaðr marc engla[86] 104₃, í fagnaðr ſtoðū[87] 147₂₃; nu ero þæır fegnır ufarnaðr þıns[88] 152₂₁; hvart ſem er kaup Ƴ ƚ ıðnaðr Ƴ þa ſcal ħ ſva gera ſem boanðen[89] 150₃; at þæī mýndı þa mýkıt þýccıa fýrır ⁊ coſtnaðr ſamt at ganga undır hıt þrıðıa ſınnı[90] 118₂₇; at guð møýndı vılıa calla ħ ſcıotla tıl mæıra metnaðr ⁊ rıkıs[91] 109₂₄, þvı at dræıſıſc af vınðı of metnaðr ꝥ er ſýnıſc ſaman ſamnat í fæſtū ⁊ í almoſo gøðe[92] 82₂, með ofmetnaðr rıkı[93] 107₁₄; ꝥ ıarteınır t uſýnılegs guðſ mátr ⁊ løýndra luta[94]

---

83) Ðá (*f.* þá) framför ok fagnaðr-sýn veiti oss sjálfr dróttinn várr. 84) hverr hafði honum (*f.* hánum) þau fagnaðr-tíðendi sagt. 85) þá monu vèr kuma (*eldra enn* koma) til þess hins háleita fagnaðr. 86) Heilagr kross er sigrmar(k) guðs ok lausnarmark manna ok fagnaðrmark engla. 87) í fagnaðr-stöðum. 88) nú eru þeir fegnir úfarnaðr þíns. 89) hvárt sem er kaupmaðr eða iðnaðrmaðr, þá skal hann svá gera, sem bóandinn (ó *f.* ú). 90) at þeim myndi þá mykit þykkja fyrir ok kostnaðrsamt at ganga undir *(þat)* hit þriðja sinni. 91) at guð möyndi (öy = y) vilja kalla hann skjótla til meira metnaðr ok ríkis. 92) því at dreifisk af vindi ofmetnaðr þat er sýnisk saman samnat í föstum ok í ölmusugœði (ölmusugœði *er* at vera góðr af ölmusum). 93) með ofmetnaðr ríki. 94) þat jarteinir trú úsýnilegs guðs máttr ok löyndra luta.

1039; hpærr cſtnna māna ſcal með goðū hug gefa til guðſ þacca hīn tıunða lut alz ápoxtr[95] 14917 (en manzpaxtar[96] 1129); — En þa allar pan páro ranſacaðr[97] 1234.

36. *Tvöfalt* l *er opt ritað* l *í sumum elztu skinnbókum, einkanlega í* 677. — *Tvöfalt* n *virðist hvergi hafa látið eins og* (dn, *eða enn heldur*) ddn, *eptir því sem ráða er af fornvísunum, t. a. m.*

Húnn skrautliga búnar. —

m *í smáorðunum* fram *og* um *hefur líklega snemma verið nefnt tvöfalt, eins og á vorum dögum; að minnsta kosti finnst* omm (= um) *í Grágás* (*ÁM.* 334 *í* 2), *og* framm *á mörgum stöðum — auk þess sem eðli og uppruni orðanna* (umm *f.* umb; framm: frammi = inn: inni = út: úti) *þykir lúta að hinu sama. Þó litur svo út, sem* fram *hafi verið nefnt sumstaðar eða á sumum tímum, t. a. m.:*

guðr vóx um gram,
gramr sótti fram, *í Höfuðl. Egils.*
ór hlátra ham
hróðr ber ek fyri gram;

95) hverr kristinna manna skal með góðum hug gefa til guðs þakka hinn tíunda lut alls ávöxtr (*ekki* ávaxtr, *af því eig. hefur með þessu móti verið steypt algjörlega saman við gjör.*). 96) mannsvaxtar. 97) En þá allar vánir váru rannsakaðr.

svá fór þat fram,
at flestr of nam, *í sama kvæði.*

37. k *er eins opt ritað* c *(eptir lat. og eingilsaxn.), einkanlega þar sem* k *eða* q *fer á eptir í sama atkvæði, t. a. m.* nockveriō[98] 623 *á* 3₂₂₋₂₃ — *þó það sje líka stundum sett fyrir aptan* k, *t. a. m.:* En nokcoꝛo ſiþar com en ſęlı ıohs t bḡar nokcoꝛaʀ egı lagt fra effeſo[99] 623 *neðst á* 14. *Stundum er ritað* ch *fyrir* k: 1) *í útlenzkum orðum, t. a. m.* paſchar[400] 325 (2) *á* 37₁₆, mıchıalſ meſſo[1] 325 (2) *á* 37₁₈ (*sb.* 3), *og eins* nıchola?[2] 325 (2) *á* 81₇, *sb.* Gl'a p̄rı par ſamet á þıngı heılág feðra í Nıchea[3] 619 *á* 137₂₂; 2) *í innlenzkum orðum, a) sjaldnar fyrir framan* a, á, o, ó, u, ú, œ, ö, *t. a. m.* ꝼra ollō hafcha[4] 655 *Fragm. XXXIII á* 3₃, lıchamleg munuð[5] 619 *á* 128₉; *b) optar (líkt og á ítölsku) fyrir framan*

98) nökkverjum *(nokkrum).* 99) En nökkuru *(o í endanum á* nokcoꝛo *í skinnbókinni sýnist hafa stryk yfir um sig neðarlega og vera ø; en það stryk mun vera misdregið)* síðar kom enn sæli Johannes til borgar nökkurrar eigi *(hjer er nokkurskonar stryk á bókf., fyrir aptan* egı, *í enda línunnar, til að gjöra hana jafn-lánga hinum)* langt frá Effeso (*f.* Effesu *af ísl. gjör.* Effesa? *eða f.* Epheso *af* Ephesus *á lat.?*). 400) *f.* páskar. 1) *f.* mikjálsmessu. 2) *f.* Nicolaus. 3) *f.* Gloria patri var samit á þingi heilagra feðra í Nicea. 4) frá öllum háska. 5) líkamleg munuð.

